KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU • APRÍL 2020

Líahóna

Lifandi Kristur
OG HIN YFIRSTANDANDI endurreisn

Nelson forseti: Framtíð kirkjunnar, bls. 6

Ykkar hlutverk í hinni yfirstandandi endurreisn, bls. 18

Páskar í Mormónsbók, bls. 24, 28

KIRKJAN
ER
HÉR

Naíróbí
Kenía

LJÓSMYND FRÁ GETTY IMAGES

Þegar hin yfirstandandi endurreisn heldur áfram, má finna fagnaðarerindið um allan heim. Kenía er dæmi um vöxt kirkjunnar í Afríku.

meðlimir — 14.143

2 — stikur

söfnuðir — 48

1 — trúboð

ættfræðisöfn — 5

78 — prósent íbúa eru kristnir

1979 Fyrstu trúskiptingarnir ganga í kirkjuna.

1988 Sérstök fasta safnar fé til að vinna gegn þurrki í 15 þorpum.

2001 Naíróbístikan stofnuð.

2020 Svæðisskrifstofur í Naíróbí eru fullstarfandi, þjónandi 100.000 meðlimum í 18 löndum Mið-Afríku.

Framtíð kirkjunnar
Russell M. Nelson forseti
6

Hirðisþjónusta með því að nota aðalráðstefnu
14

Hin yfirstandandi endurreisn
Öldungur LeGrand R. Curtis yngri
18



Hvaða þýðingu hafa páskarnir fyrir mig?
28

Ljós í 200 ár

Á fallegum, heiðskírum degi fyrir 200 árum, fór piltur nokkur út í trjálund í þeim ásetningi að biðja sér fyrirgefningar og spyrja í hvaða kirkju hann ætti að ganga. Í undursamlegri sýn var honum sagt að hann ætti ekki að ganga í neina þeirra. Þetta markaði upphaf endurreisnar fagnaðarerindis Jesú Krists – ferli sem er í fullum gangi á okkar tíma.

Í þessari útgáfu fögnum við ljósi í 200 ár:

- Russell M. Nelson forseti kennir hvernig samansöfnun Ísraels beggja vegna hulunnar getur búið okkur og aðra undir síðari komu Drottins (bls. 6).
- Öldungur LeGrand R. Curtis yngri sýnir hvernig Síðari daga heilagir hafa verið þátttakendur í hinni yfirstandandi endurreisn – og hvernig við getum öll tekið þátt í henni (bls 18).
- Öldungur Neil L. Andersen miðlar ungmennum fimmþættum sannleika sem læra má af Fyrstu sýninni (bls. 52).

Megum við, er við lærum af orðum spámanns okkar og sögunum um trúfasta heilaga, hljóta sömu þekkingu og spámaðurinn Joseph gerði fyrir 200 árum: Að himneskur faðir og Jesús Kristur eru raunverulegar, lifandi verur, sem elska okkur. Við skulum miðla vinum og samferðafólki þessari þekkingu.

Virðingarfyllst,
Öldungur Randy D. Funk, af hinum Sjötíu
Ritstjóri kirkjutímarita

Efnisyfirlit

5 Aðalráðstefna í áranna rás

6 Framtíð kirkjunnar
Russell M. Nelson forseti
Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu býr heiminn undir komu frelsarans.

12 Fyrirmynd trúar
Berglind Guðnason
Þegar barátta Berglindar við þunglyndi varð óbærileg, opnaði hún sig og sagði frá baráttu sinni og himneskur faðir veitti henni lækningu.

14 Reglur hirðisþjónustu
Hirðisþjónusta með því að nota aðalráðstefnu
Við getum þjónað á ýmsa vegu fyrir tilstilli aðalráðstefnu – fyrir, yfir og eftir aðalráðstefnuhelgi.

18 Hin yfirstandandi endurreisn
Öldungur LeGrand R. Curtis yngri
Endurreisnin hófst í Lundinum helga fyrir 200 árum og er enn yfirstandandi.

24 Þeir væntu komu Krists – og það getum við líka gert
Mindy Selu
Við getum vænst síðari komu Krists á sama hátt og spámenn Mormónsbókar gerðu.

28 Kom, fylg mér: Mormónsbók
Notið greinar þessarar viku til að auðga nám ykkar á Mormónsbók í þessum mánuði.

32 Frá Síðari daga heilögum
Faðir gefur dóttur sinni ómetanlega gjöf; syrgjandi móðir er minnt á náð Guðs; systir ígrundar virði sálar; drengur sýnir trú og hjálpar fiölskyldu sinni.

36 Lexíur úr Mormónsbók
Gjörbreyting í hjarta
Öldungur Kyle S. McKay
Þegar við iðrumst getur friðþæging frelsarans gjörbreytt okkur í hjarta.

40 Bæta upplifun okkar í musterinu
Æðsta forsætisráðið

Stuttur lestur

Kom, fylg mér Stuðningur

Á kápusíðu
Ljósmynd eftir Stefano Cirianni

Hlutar

Ungt fullorðið fólk
42
Ungt fullorðið fólk er **mikilvægur þáttur í hinni yfirstandandi endurreisn.** Kynnið ykkur hvernig þið getið hjálpað!

Unglingar
50
Fyrsta sýnin er **staðfesting á elsku Guðs** til barna sinna – einkum þeirra sem leita hans.

Börn
Barnavinur
Kirkja Jesú Krists er endurreist!

EINUNGIS STAFRÆNAR GREINAR APRÍLS

Heldur fortíðin aftur af ykkur?
Jeff Bates

Ungur maður segir frá því hvernig við getum sótt fram með því að bjóða Jesú Kristi í líf okkar.

Að nota fullt nafn kirkjunnar var óþægilegt en þess virði
Lauri Ahola

Ungur maður segir frá því hvernig hann fylgdi leiðsögn Nelsons forseta, sem auðveldaði honum að miðla fagnaðarerindinu.

Finna gleði í því að taka þátt í verki Drottins
Ungt fullorðið fólk víðsvegar um heim segir frá því hvernig það tekur þátt í hinni yfirstandandi endurreisn.

LÆRIÐ MEIRA

Í smáforritnu Gospel Library og á liahona.ChurchofJesusChrist.org getið þið:

- Fundið nýjasta tímaritið.
- Kynnt ykkur stafrænt efni.
- Leitað að eldri tímaritum.
- Sent sögur og ábendingar.
- Fengið áskrift eða gefið áskrift.
- Bætt námið með stafrænum verkfærum.
- Miðlað eftirlætis greinum og myndböndum.
- Halað niður greinum eða prentað.
- Hlustað á eftirlætis greinar ykkar.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ OKKUR

Sendið spurningar og ábendingar á liahona@ChurchofJesusChrist.org.

Sendið sögur á liahona.ChurchofJesusChrist.org eða á póstfangið:
Liahona, floor 23
50 E. North Temple Street
Salt Lake City, UT 84150-0023, USA

APRÍL 2020, ÚTGÁFA 34, NR. 1
LIAHONA 16719 190

Alþjóðatímarit Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Æðsta forsætisráðið: Russell M. Nelson, Dallin H. Oaks, Henry B. Eyring

Tólfpostulasveitin: M. Russell Ballard, Jeffrey R. Holland, Dieter F. Uchtdorf, David A. Bednar, Quentin L. Cook, D. Todd Christofferson, Neil L. Andersen, Ronald A. Rasband, Gary E. Stevenson, Dale G. Renlund, Gerrit Walter Gong, Ulisses Soares.

Ritstjóri: Randy D. Funk

Ráðgjafar: Becky Craven, Sharon Eubank, Cristina B. Franco, Walter F. González, Larry S. Kacher, Jan E. Newman, Adrián Ochoa, Michael T. Ringwood, Vern P. Stanfill

Framkvæmdastjóri: Richard I. Heaton

Framkvæmdastjóri Kirkjutímarita: Allan R. Loyborg

Framkvæmdastjóri viðskiptasviðs: Garff Cannon

Aðalritstjóri: Adam C. Olson

Aðstoðarritstjóri: Ryan Carr

Aðstoðarmaður útgáfu: Camila Castrillón

Greinar og ritmál: David Dickson, David A. Edwards, Matthew D. Flitton, Garrett H. Garff, Jon Ryan Jensen, Aaron Johnston, Charlotte Larcabal, Michael R. Morris, Eric B. Murdock, Joshua J. Perkey, Jan Pinborough, Richard M. Romney, Mindy Selu, Lori Fuller Sosa, Chakell Wardleigh, Marissa Widdison

Yfirlisthönnuður: Tadd R. Peterson

Hönnun: Jeanette Andrews, Fay P. Andrus, Mandie Bentley, C. Kimball Bott, Thomas Child, Joshua Dennis, David Green, Colleen Hinckley, Eric P. Johnsen, Susan Lofgren, Scott M. Mooy, Aleni Regehr, Mark W. Robison, K. Nicole Walkenhorst

Samræmingarstjóri höfundarréttar: Collette Nebeker Aune

Framleiðslustjóri: Jane Ann Peters

Framleiðsla: Ira Glen Adair, Julie Burdett, José Chavez, Thomas G. Cronin, Bryan W. Gygi, Ginny J. Nilson, Marrissa M. Smith

Prentsmíð: Joshua Dennis, Ammon Harris

Framkvæmdastóri prentunar: Steven T. Lewis

Dreifingarstjóri: Nelson Gonzalez

Póstfang: *Liahona,* Fl. 23, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150-0023, USA.

Tímaritið *Líahóna* (hugtak í Mormónsbók sem táknar „áttavita" eða „leiðarvísi") er gefið út á albönsku, armensku, bislamamáli, búlgörsku, cebuano, dönsku, hollensku, eistnesku, fijimáli, finnsku, frönsku, grísku, haítímáli, hindí, hollensku, íslensku, indónesísku, ítölsku, japönsku, kambódísku, kiribati, kínversku, kínversku (einfaldað), kóreönsku, króatísku, lettnesku, litháesku, malagísku, marshallesemáli, mongólísku, norsku, pólsku, portúgölsku, rúmönsku, rússnesku, samóamáli, slóvensku, spænsku, sænsku, tagalogmáli, tahítimáli, tékknesku, thaí, tongamáli, úkraínsku, ungversku, úrdu, víetnömsku og þýsku. (Fjöldi útgefinna blaða er mismunandi eftir löndum).

© 2020 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed in Germany.

Upplýsingar um höfundarrétt: Einstaklingum er frjálst að afrita efni í *Líahóna,* nema annað sé tekið fram, aðeins til eigin nota, en ekki til auglýsingar (þar með talið vegna kirkjukallana). Þessi réttur kann að vera numinn úr gildi á hvaða tíma sem er. Óheimilt er að afrita myndefni, sé þess getið í höfundarreit verksins. Senda ætti spurningar um höfundarrétt til Intellectual Property Office, 50 E. North Temple St., FL 13, Salt Lake City, UT 84150, USA; netfang: cor-intellectualproperty@ChurchofJesusChrist.org.

For Readers in the United States and Canada: April 2020 Vol. 34 No. 1. LIAHONA (USPS 311-480) Icelandic (ISSN 1522-9211) is published once a year (April) by The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150. USA subscription price is $1.00 per year; Canada, $1.20 plus applicable taxes. Periodicals Postage Paid at Salt Lake City, Utah. Sixty days' notice required for change of address. Include address label from a recent issue; old and new address must be included. Send USA and Canadian subscriptions to Salt Lake Distribution Center at address below. Subscription help line: 1-800-537-5971. Credit card orders (American Express, Discover, MasterCard, Visa) may be taken by phone or at store.ChurchofJesusChrist.org. (Canada Post Information: Publication Agreement #40017431)

POSTMASTER: Send all UAA to CFS (see DMM 507.1.5.2). NONPOSTAL AND MILITARY FACILITIES: Send address changes to Distribution Services, Church Magazines, P.O. Box 26368, Salt Lake City, UT 84126-0368, USA.

AÐALRÁÐSTEFNA Í ÁRANNA RÁS

Aðalráðstefna hefur verið haldin sleitulaust í 190 ár og löng hefð hefur verið fyrir því að hafa aðalráðstefnu í apríl og október, en nokkrar áhugaverðar breytingar hafa verið gerðar í áranna rás:

1830

Joseph Smith var í forsæti fyrstu aðalráðstefnu í Fayette, New York, tveimur mánuðum eftir stofnun kirkjunnar. Um 30 meðlimir og nokkrir aðrir voru viðstaddir.

1850

Í *Deseret News* voru í fyrsta sinn allar aðalráðstefnuræður gefnar út, því ungum fréttaritara, George D. Watt, hafði tekist að hraðrita allar ræðurnar.

1867

Aðalráðstefna stóð yfir í fjóra daga í stað þriggja, eins og venja hafði verið, því söfnuðurinn kaus að dvelja einn dag til viðbótar.

1924

Hljóðnemi var í fyrsta sinn notaður við ræðustól Laufskálans. Áður höfðu ræðumenn þurft að reiða sig á að rödd þeirra væri nægilega sterk til að í þeim heyrðist.

1949

Ráðstefnan var í fyrsta sinn send út í sjónvarpi með myndvélum í Laufskálanum



two P. M.

Conference called to order by W. Snow; singing, prayer by W. Snow, singing.

Elder O. Hyde delivered a lecture to the Honorable Chancellor and board of Regents of the University of the State of Deseret, in presence of the Conference, on Education.

Education is not confined to letters only, but to the excluding of all darkness, and when a man has ascended to the summit, he

guage is better than n
If you could bring all i
thors now living, tog
will express their idea
ent words, and they wil
that our language is
yet we have to use tha
have, in order to acco
object which is before
fil the obligations we
one to the other, by u
struments already in o
A certain portion of
perty ought to be dev



1962

Ræður voru í fyrsta sinn túlkaðar á önnur tungumál í Laufskálanum – þýsku, hollensku og spænsku. Nú eru ræður túlkaðar á yfir 90 tungumál!

1967

Aðalráðstefna var send út í sjónvarpi í lit. Karlar í Laufskálakórnum voru klæddir ljósbláum jökkum og konur ljósbleikum skyrtum.

1977

Þriggja daga og sex ráðstefnuhlutum var breytt í tvo daga og fimm ráðstefnuhluta.

2000

Aðalráðstefna var í fyrsta sinn haldin í hinni 21.000 sæta Ráðstefnuhöll í Salt Lake City.

Finna má ræður síðustu og eldri aðalráðstefna með því að fara á **churchofjesuschrist.org/general-conference/conferences?lang=isl** eða í aðalráðstefnuhluta smáforritsins Gospel Library.

TEIKNING AF RÆÐUSTÓL, EFTIR DAVID GREEN; LJÓSMYND AF SJÓNVARPI FRÁ GETTY IMAGES

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er að búa heiminn undir þann tíma þegar „jörðin [verður] full af þekkingu á Drottni“ (Jesaja 11:9).

LJÓS Í 200 ÁR

1820–2020

Russell M. Nelson forseti

Framtíð kirkjunnar

BÚA HEIMINN UNDIR SÍÐARI KOMU FRELSARANS

Þið og ég fáum að taka þátt í yfirstandandi endurreisn fagnaðarerindis Jesú Krists. Það er dásamlegt! Hún er ekki gerð af höndum manna! Hún er frá Drottni, sem sagði: „Ég mun hraða verki mínu þegar að því kemur“ (Kenning og sáttmálar 88:73). Þetta verk er gætt krafti guðlegrar yfirlýsingar fyrir 200 árum. Hún samanstendur aðeins af [níu] orðum: „Þetta er minn elskaði sonur. Hlýð þú á hann! (sjá Joseph Smith – Saga 1:17).

Almáttugur Guð kom fram með þessa tilkynningu og kynnti hinn unga Joseph Smith fyrir Drottni, Jesú Kristi. Þessi [níu] orð voru innleiðing hins endurreista fagnaðarerindis hans. Hvers vegna? Vegna þess að okkar lifandi Guð er kærleiksríkur Guð! Hann vill að börn sín hljóti ódauðleika og eilíft líf! Hið mikla síðari daga verk, sem við tökum þátt í, var innleitt á tilsettum tíma, til að blessa óþreyjufulla og hrjáða veröld.

Ég get ekki rætt um endurreisnina í mildum tóni. Þessi staðreynd sögunnar er algjörlega töfrandi! Hún er ótrúleg! Hún er hrífandi! Hve dásamlegt er að sendiboðar komu frá himni til að glæða þetta verk valdi og mætti.

Verki Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu á okkar tíma miðar áfram á auknum hraða. Kirkjan mun eiga sér fordæmislausa, óviðjafnanlega framtíð. „Auga [hefur ekki séð og eyra ekki heyrt] . . . allt það sem Guð [fyrirbýr] þeim, er elska hann. (1. Korintubréfið 2:9; sjá einnig Kenning og sáttmálar 76:10).

INNAN SEILINGAR, EFTIR JAY BRYANT WARD, ÓHEIMILT AÐ AFRITA

Hafið hugfast að fylling þjónustu Krists bíður framtíðar. Spádómar um síðari komu hans eiga enn eftir að uppfyllast. Við erum einungis að undirbúa jarðveg þessarar síðustu ráðstöfunar – þegar síðari koma frelsarans verður að raunveruleika.

Samansöfnun Ísraels beggja vegna hulunnar

Nauðsynlegur undanfari þeirrar síðari komu er hin langþráða samansöfnun hins dreifða Ísraels (sjá 1. Nefí 15:18; sjá einnig titilsíðu Mormónsbókar). Kenningin um samansöfnunina er ein mikilvægasta kenning Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Drottinn hefur lýst yfir: „Ég gef yður tákn, . . . þegar ég mun safna saman þjóð minni eftir langæja tvístrun, ó Ísraelsætt, og mun aftur stofnsetja mína Síon meðal þeirra“ (3. Nefí 21:1).

Við kennum ekki einungis þessa kenningu, heldur tökum þátt í henni. Það gerum við með því að hjálpa við samansöfnun hinna kjörnu Drottins, beggja vegna hulunnar. Endurlausn látinna ættmenna okkar er hluti af þeirri áætlun sem ráðgerð er fyrir jörðina og íbúa hennar (sjá Kenning og sáttmálar 128:15). Til allrar hamingju, þá nær boðið um að „koma til Krists“ (Jakob 1:7; Moróni 10:32; Kenning og sáttmálar 20:59) líka til þeirra sem dáið hafa án þess að þekkja fagnaðarerindið (sjá Kenning og sáttmálar 137:6–8). Hluti af undirbúningi þeirra gerir þó kröfu um jarðneskt verk annarra. Við höldum ættartölur, útfyllum fjölskyldublöð og gerum staðgengilsverk í musteri, til að leiða fólk til Drottins og samansöfnunar einstaklinga og fjölskyldna (sjá 1. Korintubréfið 15:29; 1. Pétursbréfið 4:6).

Innsigla þarf fjölskyldur um alla eilífð (sjá Kenning og sáttmálar 2:2–3; 49:17; 138:48; Joseph Smith – Saga 1:39). Mynda þarf bindandi

Hafið hugfast að fylling þjónustu Krists bíður framtíðar.

HEILAGLEIKI TIL DROTTINS, EFTIR JAY BRYANT WARD, ÓHEIMILT AÐ AFRITA

INNAN SEILINGAR, EFTIR JAY BRYANT WARD, ÓHEIMILT AÐ AFRITA

þarf að verða heil,algjör og fullkomin eining og samanhlekkjun ráðstafana, lykla og valds (sjá Kenning og sáttmálar 128:18). Í þessum helga tilgangi eru musteri nú reist víða um heim. Ég legg enn áherslu á að bygging þessara mustera breytir ekki endilega lífi ykkar, en þjónustan sem þið innið af hendi þar mun vissulega gera það.

Sá tími er fyrir höndum að þeir sem ekki hlýða Drottni verði aðskildir þeim sem það gera (sjá Kenning og sáttmálar 86:1–7). Öryggi okkar verður best tryggt með því að vera alltaf verðug inngöngu í hans heilaga hús. Æðsta gjöfin sem þið getið gefið Drottni, er að halda ykkur óflekkuðum af heiminum, verðug þess að fara í heilagt hús hans. Gjöf hans til ykkar verður friðurinn og öryggið sem felst í því að vita að þið séuð verðug þess að mæta honum, hvenær sem sá dagur verður.

Auk musterisverksins, er framkoma Mormónsbókar öllum heiminum tákn um að Drottinn hefur hafið samansöfnun Ísraels og uppfyllingu sáttmálans sem hann gerði við Abraham, Ísak og Jakob (sjá 1. Mósebók 12:2–3; 3. Nefí 21; 29). Mormónsbók lýsir yfir kenningunni um samansöfnunina (sjá t.d. 1. Nefí 10:14). Hún fær fólk til að læra um Jesú Krist, trúa á fagnaðarerindi hans og ganga í kirkjuna. Ef Mormónsbók væri ekki til, gæti hin fyrirheitna samansöfnun Ísraels í raun ekki átt sér stað.

Æðsta gjöfin sem þið getið gefið Drottni, er að halda ykkur óflekkuðum af heiminum, verðug þess að fara í heilagt hús hans.

Trúboðsstarf er líka nauðsynlegt fyrir þessa samansöfnun. Þjónar Drottins munu ganga fram og kunngjöra endurreisnina. Í mörgum löndum hafa meðlimir og trúboðar leitað þeirra sem eru meðal hins dreifða Ísraels; þeir hafa veitt þá „í bergskorunum“ (Jeremía 16:16); og þeir hafa fiskað þá, eins og gert var til forna.

Trúboðsstarf tengir fólk sáttmálanum sem Drottinn gerði við Abraham til forna:

„Þú munt verða eftirkomandi niðjum þínum blessun, svo að þeir færi í höndum sér öllum þjóðum þessa helgu þjónustu og þetta prestdæmi –

Og ég mun blessa þá fyrir nafn þitt, því að allir þeir, sem meðtaka þetta fagnaðarerindi, skulu kenndir við nafn þitt og teljast niðjar þínir, og þeir munu rísa á fætur og blessa þig sem föður sinn“ (Abraham 2:9–10).

Trúboðsstarf er einungis upphafið að blessuninni. Þessar blessanir uppfyllast þegar þeir sem fara ofan í skírnarvatnið fullkomna eigið líf að því marki að þeim leyfist innganga í hið heilaga musteri. Þegar meðlimir kirkjunnar taka þar á móti musterisgjöf, verða þeir innsiglaðir sáttmála Abrahams.

Sá valkostur að koma til Krists, snýst ekki um líkamlega staðsetningu. Hún snýst um persónulega skuldbindingu. Allir meðlimir kirkjunnar hafa aðgang að kenningu, helgathöfnum, prestdæmislyklum og blessunum fagnaðarerindisins, burt séð frá staðsetningu þeirra. Hægt er að leiða fólk „til þekkingar á Drottni“ (3. Nefí 20:13), án þess að það yfirgefi heimalönd sín.

Rétt er að fólk flutti oft búferlum þegar það meðtók trú á fyrri tímum kirkjunnar. Nú á samansöfnunin sér þó stað í hverju landi.

Ég lofa ykkur að þið munuð finna varanlegan frið og sanna gleði, ef þið fylgið Jesú Kristi.

Drottinn hefur fyrirskipað stofnun Síonar (sjá Kenning og sáttmálar 6:6; 11:6) á hverjum þeim vettvangi sem hann hefur veitt sínum heilögu fæðingarrétt sinn og þjóðerni. Staður samansöfnunar hina heilögu í Brasilíu er Brasilía: staður samansöfnunar hinna heilögu í Nígeríu er Nígería; staður samansöfnunar hinna heilögu í Kóreu er Kórea. Síon er „hinir hjartahreinu“ (Kenning og sáttmálar 97:21). Hún er hvarvetna þar sem réttlátir heilagir eru.

Andlegt öryggi verður ætíð háð því *hvernig* menn lifa, ekki *hvar* þeir búa. Ég lofa, ef við gerum okkar besta til að iðka trú á Jesú Krist og iðrast fyrir kraft friðþægingar hans, munum við hafa þekkingu og kraft Guðs okkur til hjálpar við að færa öllum þjóðum, kynkvíslum, tungum og lýðum hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists og búa heiminn undir síðari komu Drottins.

Síðari koman

Drottinn mun snúa aftur til þess lands sem hann helgaði með jarðneskri þjónustu sinni. Hann mun koma aftur sigrihrósandi til Jerúsalem. Íklæddur rauðri konunglegri hempu, til tákns um blóð sitt, sem draup úr hverri svitaholu, mun hann snúa aftur til borgarinnar helgu (sjá Kenning og sáttmálar 133:46–48). Þar og víðar, „mun [dýrð Drottins] birtast, og allt hold mun sjá það“ (Jesaja 40:5; sjá einnig Kenning og sáttmálar 101:23). „Hann mun kallaður: Hinn dásamlegi, ráðgjafi, voldugur Guð, ævarandi faðir, friðarhöfðingi“ (Jesaja 9:6).

Hann mun ríkja frá tveimur höfuðborgum heimsins: Í hinni fornu Jerúsalem (sjá Sakaría 14) og í hinni Nýju Jerúsalem „[reistri] á meginlandi Ameríku (Trúaratriðin 1:10). Frá þessum borgum mun hann stjórna málefnum kirkju sinnar og ríkis. Annað musteri á enn eftir að byggja í Jerúsalem. Frá því musteri mun hann ríkja að eilífu sem Drottinn drottna. Vatn mun streyma undan musterinu. Vatn Dauðahafsins verður heilnæmt. (Sjá Esekíel 47:1–8.)

Á þeim tíma mun hann kallaður nýjum nöfnum og umlukinn sérstökum heilögum. Hann mun þekktur sem „Drottinn drottna og

konungur konunga“ og „þeir, sem með [honum] eru, [verða] hinir kölluðu og útvöldu og trúu,“ (Opinberunarbókin 17:14) því sem þeim var treyst fyrir hér í jarðlífinu. Hann mun síðan „ríkja um aldir alda“ (Opinberunarbókin 11:15).

Jörðin mun endurnýjuð og aftur hljóta paradísardýrð sína. Það verður nýr himinn og ný jörð (sjá Opinberunarbókin 21:1; Eter 13:9; Kenning og sáttmálar 29:23–24).

Það er ábyrgð okkar – forréttindi okkar – að leggja því lið að búa heiminn undir þann dag.

Horfa til framtíðar í trú

Fram að þessu munum við, hér og nú, búa við umbrotatíma. Jarðskjálftar og flóðbylgjur valda eyðileggingu, ríkisstjórnir falla, efnahagsástand er alvarlegt, fjölskyldan sætir árásum og tíðni hjónaskilnaða hækkar. Við höfum ríkar ástæður til að hafa áhyggjur. Við þurfum þó ekki að láta óttann yfirskyggja trú okkar. Við getum sigrast á óttanum með því að efla trú okkar.

Afhverju þurfum við slíka óhagganlega trú? Af því að örðugar tíðir eru fyrir höndum. Í komandi framtíð verður hvorki auðvelt né vinsælt að vera trúfastur Síðari daga heilagur. Sérhvert okkar verður reynt. Páll postuli varaði við því að á síðari dögum „munu [þeir] ofsóttir verða,“ sem af kostgæfni fylgja Drottni (2. Tímoteusarbréfið 3:12). Slíkar ofsóknir geta hvort heldur gert ykkur þögul og veiklunduð eða knúið ykkur til betra fordæmis og aukins hugrekkis í daglegu lífi ykkar.

Hvernig þið takist á við erfiðleika lífsins er hluti af trúarlegri framþróun ykkar. Styrkur hlýst af því að hafa hugfast að þið eruð af guðlegu eðli og erfingjar óendanlegs verðmætis. Drottinn hefur gert ykkur, börnum ykkar og barnabörnum ljóst að þið eruð réttmætir erfingjar, að á himnum hafi ykkur verið ætlað að fæðast á þessum tíma og stað, til að vaxa og verða merkisberar og sáttmálsþjóð hans. Þegar þið gangið réttlætisveg Drottins, munuð þið blessuð til að sækja fram í gæsku hans og verða ljós og frelsarar fólki hans (sjá Kenning og sáttmálar 86:8–11).

Gerið allt sem þarf til að efla trú ykkar á Jesú Krist, með því að auka skilning ykkar á kenningunni sem kennd er í hans endurreistu kirkju og leita stöðugt sannleikans. Grundvölluð í hreinni kenningu, munuð þið geta sótt fram í trú og þolgæði og gert allt léttilega sem í ykkar valdi stendur til að framfylgja tilgangi Drottins.

Þið munuð upplifa daga vonleysis. Biðjið því um hugrekki til að gefast ekki upp! Því miður munu sumir svíkjast undan merkjum sem þið tölduð vera vini ykkar. Sumt mun líka einfaldlega virðast ósanngjarnt.

Ég lofa ykkur þó að þið munuð finna varanlegan frið og sanna gleði, ef þið fylgið Jesú Kristi. Þegar þið haldið sáttmála ykkar af aukinni staðfestu og verjið kirkjuna og ríki Guðs á jörðu í dag, mun Drottinn blessa ykkur með styrk og visku til að gera það sem einungis meðlimir Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu fá komið til leiðar.

Styrkur hlýst af því að hafa hugfast að þið eruð af guðlegu eðli og erfingjar óendanlegs verðmætis.

Okkur er ætlað að þróa trú á Guð, trú á Drottin Jesú Krists og trú á kirkju hans. Okkur er ætlað að þróa fjölskyldur og innsiglast í helgum musterum. Okkur er ætlað að byggja upp kirkjuna og ríki Guðs á jörðu (sjá Matteus 6:33). Okkur er ætlað að búa okkur undir guðleg örlög okkar; dýrð, ódauðleika og eilíf líf (sjá Rómverjabréfið 2:7; Kenning og sáttmálar 75:5).

Af auðmýkt ber ég ykkur vitni um – eins og spámaðurinn Joseph Smith lýsti yfir – að hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists „mun sækja fram óháð, ákveðið og göfugt, þar til það hefur farið um hvert meginland, vitjað hvers lands, þrætt hvert hérað og hljómað í hverju eyra, þar til tilgangi Guðs er náð og hinn mikli Jehóva segir að verkinu sé lokið“ (*History of the Church,* 4:540).

Við erum þátttakendur í verki almáttugs Guðs. Ég bið þess að blessanir hans verði með sérhverju ykkar. ■

Berglind Guðnason

Hveragerði, Íslandi

Berglind (vinstri) með systur sinni, Elínu (hægri). Þegar þunglyndi Berglindar var sem verst, fannst henni hún ekki geta haldið áfram. Með því að opna sig og segja fjölskyldu og vinum frá þessari baráttu, fann hún andlega og tilfinningalega lækningu með þeim úrræðum sem himneskur faðir sér okkur fyrir.

MINDY SELU, LJÓSMYNDARI

Það hefur líka hjálpað mér mikið að tala við fiölskyldu og vini um þunglyndi mitt. Það leiddi líka til aukinnar hjálpar. Ég vildi hvorki taka lyf, né fara í meðferð. Ég sagði stöðugt við sjálfa mig: „Ég hef Guð." Guð sér okkur þó fyrir mörgum öðrum úrræðum, eins og lyfium og meðferðum, sem við getum nýtt, auk andlegra hluta.

Þegar þunglyndið var einna mest, sagði fólk við mig: „Þetta á eftir að lagast." Það þreytti mig svo að heyra þetta, en svo furðulegt sem það nú er, þá reyndist þetta rétt.

Það hvarflaði ekki að mér að ég gæti verið jafn hamingjusöm og ég er núna. Ég á enn erfitt suma daga, en með þeim úrræðum sem himneskur faðir hefur séð mér fyrir, þá get ég tekist á við það. Þegar ég nú finna að þunglyndið er að koma yfir mig, segi ég við mig sjálfa að ég er elskuð, hef fólk til að tala við og að þetta eigi eftir að lagast.

LÆRIÐ MEIRA
Sjáið meira um trúarreynslu Berglindar, með ljósmyndum, í netútgáfu eða Gospel Library útgáfu þessarar greinar á **ChurchofJesusChrist.org/go/42013.**

Reglur hirðisþjónustu

HIRÐISÞJÓNUSTA MEÐ ÞVÍ AÐ NOTA **AÐALRÁÐSTEFNU**

Aðalráðstefna sér okkur fyrir mörgum þjónustuleiðum – fyrir, yfir og eftir ráðstefnuhelgi – með öllum hinum upplyftandi tilvitnunum, fjölskylduhefðum og boðskap þjóna Drottins.

Susie og Tom Mullen, kennarar undirbúningsbekkjar að trúboði, skora reglulega á nemendur sína að bjóða einhverjum að horfa á aðalráðstefnu.

„Óaðskiljanlegur hluti trúboðsstarfs er að bjóða fólki að gera eitthvað og það á einnig við um hirðisþjónustu," segir hún. „Nemendur okkar láta okkur reglulega vita hvernig þeim hefur gengið og einnig þeim sem þau buðu."

Hér eru nokkrar þeirra aðferða sem nemendur þeirra sögðust hafa notað:

- „Við þjónum vini sem er að fást við viss vandamál. Við buðum honum að hlusta á aðalráðstefnu til að leita svara. Þegar við heimsóttum hann eftir ráðstefnuna, sagði hann okkur að hann hefði fengið margar gagnlegar hugmyndir."
- „Við höfðum aðalráðstefnuhóf og allir komu með veitingar til að setja á borðið. Þetta var svo gaman að við ákváðum að gera þetta aftur."
- Ég bauð vini að horfa á aðalráðstefnu með mér. Þegar við ræddum það, ákváðum við að aka í samkomuhúsið og sjá hvort við gætum horft á hana þar. Við gerðum það og það var einstaklega góð upplifun að vera þar!"

Eins og Mullen-hjónin og nemendur þeirra hafa lært, þá eru margar aðferðir til að þjóna með því að nota aðalráðstefnu. Það er yndisleg leið til að deila upplífgandi tilvitnunum, fjölskylduhefðum, innihaldsríkum samræðum og boðskap þjóna Drottins!

Bjóðið fólki heim til ykkar

„Frelsarinn bauð fylgjendum sínum: ‚Eins og ég hef elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan‘ (Jóhannes 13:34). Við horfum því til þess hvernig hann elskaði okkur. . . . Ef við gerum hann að fyrirmynd okkar, ættum við ávallt að leggja okkur fram við að bjóða öllum að taka þátt.“ – Dallin H. Oaks, forseti.[1]

Heimiliskennari okkar, Mike, **gaf gaum** að því fyrir mörgum árum, að börnin mín þrjú og ég, áttum einungis litla fartölvu til að horfa á aðalráðstefnu. Hann **bauð okkur strax** að koma heim til sín til að horfa á með sér og eiginkonu sinni, Jackie og fullyrti að þau yrðu mjög ánægð með félagsskapinn. Börnin mín urðu himinlifandi yfir að horfa á aðalráðstefnu í alvöru sjónvarpi; ég kunni vel að meta stuðninginn og við nutum innilega samverunnar.

Eftir þetta varð það að hefð að horfa á aðalráðstefnu saman. Eftir að við eignuðumst okkar eigið sjónvarp, fórum við jafnvel sæl og ánægð yfir til Mike og Jackie, með koddana okkar, skrifblokkir og veitingar til að horfa á aðalráðstefnu. **Að hlusta á orð spámannanna** saman, gerði það jafnvel enn sérstakara. Það mynduðust einskonar fjölskyldubönd. Mike og Jackie urðu meðal bestu vina minna og sem amma og afi barna minna. **Kærleikur þeirra og vinátta** hafa verið fjölskyldu okkar ótrúleg blessun. Ég er svo þakklát fyrir að þau voru fús til að ljúka upp heimili sínu og hjarta fyrir okkur.

Suzanne Erd, Kaliforníu, Bandaríkjunum

REGLUR TIL AÐ HAFA Í HUGA

„Gaf gaum“
Frelsarinn gaf sér af alúð tíma til að kynna sér þarfir annarra og kom svo til móts við þær þarfir (sjá Matteus 9:35–36; Jóhannes 6:5; 19:26–27). Við getum líka gert það.

„Bauð okkur strax“
Þegar við höfum kynnt okkur þarfir þeirra sem við þjónum, er næsta skrefið að bregðast við.

„Að hlusta á orð spámannanna“
Við ættum að „[koma] oft saman“ (Moróni 6:5) til að læra saman, vaxa saman og ræða þá andlegu hluti sem skipta sálir okkar mestu máli.
„Kom, heyrið spámann hefia raust og heyrið Drottins mál,“[2] gæti verið eitt mikilvægasta boðið sem við gætum fært þeim sem við þjónum.

„kærleikur þeirra og vinátta“
Til þess að aðstoða aðra og hafa sannlega áhrif á þá, verðum við að byggja upp samband sem einkennist af umhyggju og „fölskvalausri ást“ (sjá Kenning og sáttmálar 121:41).

Deilum á Alnetinu

„Samfélagsmiðlar eru hnattræan verkfæri sem geta haft persónuleg og jákvæð áhrif á stóran hóp einstaklinga og fjölskyldna. Ég trúi að okkur, sem lærisveinum Jesú Krists, beri á þessum tíma að nota þessi innblásnu verkfæri á viðeigandi hátt og vitna áhrifaríkar um Guð, hinn eilífa föður, haming juáætlun hans fyrir börn hans og son hans, Jesú Krist, sem frelsara heimsins.“ – Öldungur David A. Bedar[3]

Alnetið gefur okkur tækifæri til að **deila fagnaðarerindinu** með öllum heiminum. Það finnst mér stórkostlegt! Ég tilgreini nokkuð sem gera má í tengslum við aðalráðstefnu, en aðallega reyni ég að aðstoða aðra við að **skapa umræður** um ræðuefni aðalráðstefnu. Þegar við sjáum spurningar frá öðrum getur það oft hjálpað okkur að sjá hlutina í nýju ljósi og virkað sem stökkbretti fyrir frábærar umræðuspurningar okkar.

Ég hef uppgötvað, að er þið **notið spurningar** fyrir umræður um ráðstefnuræður með þeim fjölskyldum sem þið þjónið, getur það hjálpað ykkur að sjá styrkleika þeirra jafnt sem þarfir. Ein af uppáhaldsspurningum mínum er: Hvað finnst ykkur að hafi verið þema síðasta ráðstefnuhluta aðalráðstefnu?

Svarið leyfir ykkur nærri alltaf að sjá hvað er að gerast í lífi þeirra og hvað skiptir þau máli. Það gerir ykkur kleift að verða betri hirðisþjónar, vegna þess að þið sjáið þau greinilegar. ■

Camille Gillham, Kolarado, Bandaríkjunum

HEIMILDIR

1. Dallin H. Oaks, „Love and the Law“ (myndband), mormonand gay.ChurchofJesusChrist.org.
2. „Kom, heyrið spámann hefja raust,” *Sálmar,* nr. 8.
3. David A. Bednar, “Flood the Earth through Social Media,” *Liahona,* ágúst. 2015, 50.
4. *Boða fagnaðarerindi mitt: Leiðarvísir að trúboðsþjónustu* (2004), 185.

REGLUR TIL AÐ HAFA Í HUGA

„Deila fagnaðarerindinu!“
Við höfum gert sáttmála um að „standa sem vitni Guðs, alltaf, í öllu og allstaðar (Mósía 18:9).

„Skapa umræður“
Boðskapur aðalráðstefnu getur innblásið ótrúlegar, viðeigandi og andlega leiddar umræður. Slíkar umræður geta styrkt sambönd ykkar, hjálpað vitnisburði ykkar að vaxa og fært ykkur gleði! (sjá Kenning og sáttmálar 50:22).

„Notið spurningar“
Góðar spurningar munu hjálpa ykkur að skilja áhugamál, áhyggjur eða spurningar sem aðrir kunna að hafa. Þær geta bætt kennslu ykkar, laðað að andann og hjálpað fólki við að læra.“[4]

Öldungur LeGrand R. Curtis yngri
Aðalvaldhafi Sjötíu og sagnfræðingur og skrásetjari kirkjunnar

Hin yfirstandandi ENDURRE

Endurreisnin hófst í Lundinum helga fyrir 200 árum og er enn yfirstandandi – og þú og ég getum verið þátttakendur í henni.

ENDURREISN MELKÍSEDEKSPRESTDÆMISINS, EFTIR WALTER RANE

LJÓS Í 200 ÁR

1820–2020

ISN

Þetta er dásamlegur og spennandi tími til að vera á jörðunni. Við höfum þá blessun að taka þátt í stórkostlegum viðburðum á þessari ráðstöfun í fyllingu tímanna, til undirbúnings síðari komu Drottins.[1] Við fáum ekki einungis að vera sjónarvottar að þessum stórkostlegu viðburðum er þeir gerast, heldur einnig að vera þátttakendur í þeim.[2]

Við tölum stundum eins og endurreisn fagnaðarerindisins hafi öll átt sér stað á stuttum tíma. Þetta ferli hófst fyrir tvö hundruð árum með Fyrstu sýninni, en að sjálfsögðu lauk endurreisninni ekki þar. Verk Drottins hélt áfram fyrir atbeina Josephs Smith og samstarfsmanna hans, með þýðingu Mormónsbókar, endurreisn prestdæmisins, stofnun kirkjunnar, skipun trúboða, byggingu mustera, stofnun Líknarfélagins og svo framvegis. Þessir atburðir endurreisnarinnar hófust árið 1820 og hún hélt áfram allt líf Josephs Smith.

Eins dásamlegir og hlutirnir voru sem Guð opinberaði með Joseph Smith, þá lauk endurreisninni ekki á líftíma Josephs. Eftir dauða hans höfum við, með spámönnum, meðtekið áframhaldandi þróun musterisverka, viðbótarritningar, þýðingu ritninganna á mörg tungumál, útbreiðslu fagnaðarerindisins um allan heim, skipulag sunnudagaskólans, Stúlknafélagsins, Barnafélagsins og prestdæmissveita, ásamt fjölda skipulagsbreytinga á starfsemi kirkjunnar.

„Við erum vitni að endurreisnarferli,“ sagði Russell M. Nelson forseti. „Ef þið haldið að kirkjan hafi verið fyllilega endurreist, þá eruð þið einungis búin að sjá upphafið. Það er mikið eftir ennþá. . . . Bíðið eftir næsta ári. Síðan árinu eftir það. Takið vítamíntöflurnar ykkar. Slakið á. Þetta á eftir að verða spennandi.“[3]

ÞRÁ HJARTA MÍNS (FYRSTA SÝNIN), EFTIR WALTER RANE

Guð hefur veitt okkur stórkostlegt tækifæri til að skipa mikilvægum hlutverkum í verki hans.

Samuel Smith, einn af fyrstu trúboðunum, deilir Mormónsbók.

Í samræmi við yfirlýsingu Nelsons forseta, þá er endurreisnin yfirstandandi og við höfum séð margar mikilvægar breytingar í kirkjunni síðan hann varð forseti hennar. Meðal þessara breytinga er endurskipulag prestdæmissveita, hirðisþjónusta kemur í stað heimilis- og heimsóknarkennslu og stofnað hefur verið til heimilismiðaðs og kirkjustyrkts náms fagnaðarerindisins.[4] Fleiri breytingar hafa verið gerðar frá þessu og enn á meira eftir að gerast.

Dæmi í Vestur-Afríku

Þau fimm ár sem ég varði við þjónustu í svæðiforsætisráði Vestur-Afríku höfðu áhrif á vitnisburð minn um hina yfirstandandi endurreisn. Ég hef átt vitnisburð um fagnaðarerindið frá því að ég var ungur maður. Þegar ég bjó í Afríku átti ég hins vegar samneyti við suma hina fyrstu sem meðtóku fagnaðarerindið í Vestur-Afríku. Ég sá kirkjuna einnig breiðast hratt yfir heimsálfuna með stofnun hundruð deilda og stikna, yfirfullum musterum og samkomuhúsum af trúföstum meðlimum og góðum konum og körlum sem hjartanlega umföðmuðu hið endurreista fagnaðarerindi. Frammi fyrir augum mínum sá ég uppfyllingu spádóms Josephs Smith um að kirkjan myndi „fylla jörðina."[5]

Tveir þessara trúföstu meðlima, James Ewudzie og Frederick Antwi, aðstoðuðu mig dag einn í Accra musterinu í Gana. Nokkrum árum áður en að trúboðar Síðari daga heilagra komu til Gana, hafði James verið hluti af 1000 manna hópi sem notaði Mormónsbók og annað kirkjuefni á kirkjusamkomum sínum. Þau báðu fyrir þeim degi að kirkjan kæmi til Gana.

Fred Antwi, frumkvöðulsmeðlimur kirkjunnar í Gana.

Hann, ásamt öðrum ungum mönnum, ferðaðist um Gana og kenndi fagnaðarerindið eins og það var í bókum okkar. Þegar trúboðarnir komu árið 1978, var hann skírður fyrsta daginn sem skírnir Síðari daga heilagra voru framkvæmdar í Gana.

Þegar Fred var nýgenginn í kirkjuna var hann viðstaddur jarðarför ættingja síns sem var ætttflokkahöfðingi. Þar komst hann að því að áætlun fjölskyldunnar var að gera hann að nýja höfðingjanum. Vitandi að slík staða yrði þess valdandi að hann myndi framkvæma hluti sem færu gegn trú hans, flýtti hann sér í burtu og snéri baki við stöðu sem hefði fært honum fé og frama.

Þegar musterið í Accra var vígt ferðuðust bæði James og Fred fjögurra tíma ferð, aðra leið, í hverri viku, svo að þeir gætu starfað sem musterisþjónar. Þegar ég framkvæmdi helgiathafnir með þeim fann ég yfirgnæfandi tilfinningu sögunnar allt í kringum mig. Meðvitaður um það hlutverk sem þeir tveir skipuðu í kirkjusögunni í Afríku, þá fannst mér þetta líkt því að hafa John Taylor eða Wilford Woodruff, eða einhvern annan af fyrstu meðlimum kirkjunnar, með mér við að framkvæma þessar helgiathafnir.

Það sem ég sá, upplifði og skynjaði í Vestur-Afríku var hluti af því sem Drottinn sagði Enok að myndi gerast: „Og réttlæti mun ég senda niður af himni, og sannleika mun ég senda frá jörðu, til að bera vitni um minn eingetna, . . . og réttlæti og sannleika mun ég láta sópa jörðina sem vatnsflóð, til að safna mínum kjörnu saman frá öllum heimshornunum fjórum" (HDP Móse 7:62).

Ég sá réttlæti og sannleika sópast yfir afrísku heimsálfuna og hina útvöldu safnast saman í þeim hluta heimsins. Vitnisburður minn um endurreisnina styrktist, því ég sá þann mikilvæga þátt endurreisnarinnar gerast frammi fyrir augum mér.

SAMUEL SMITH: FYRSTI TRÚBOÐINN, EFTIR SAM LAWLOR

Ég sá einnig nokkuð annað sem tengdist hinni yfirstandandi endurreisn: Lifandi trú og andlega orku meðal hinna afrísku meðlima. Ég hef heyrt öldung David A. Bednar í Tólfpostulasveitinni: segja: „Kirtland [þar sem hinir Síðari daga heilögu bjuggu í kringum 1830] er ekki einungis í Ohio. Það er einnig í Afríku.“ Margir eru að ganga í kirkjuna í Afríku vegna hinnar kraftmiklu persónulegu andlegu upplifunar sinnar. Þessir nýju meðlimir færa andlega orku og þörf fyrir frekari lærdóm fagnaðarerindisins. Fyrir þeim er endurreisnin yfirstandandi á persónulegan máta. Þegar þeir læra sífellt meira um kirkjuna mun sannleikur fagnaðarerindisins halda áfram að opnast fyrir augsýn þeirra. Það sama má segja um okkur öll er við höldum áfram að auka við þekkingu okkar á fagnaðarerindinu.

erum við einnig að aðstoða við að undirbúa og styrkja það sem Drottinn kallar „sáttmálsþjóð [sína]“ (Kenning og sáttmálar 42:36). Við gerum sáttmála við Guð og verðum hluti af sáttmálsþjóð hans með skírn, staðfestingu, sakramentinu,

Ungmenni raða sér upp til að ganga inn í Accra musterið í Gana.

Þrjár leiðir til að aðstoða við hina yfirstandandi endurreisn

Guð hefur veitt okkur stórkostlegt tækifæri til að skipa mikilvægum hlutverkum í verki hans. Drottinn sagði að „Líkaminn [kirkjan] hefur einnig þörf fyrir hvern [meðlim]“ (Kenning og sáttmálar 84:110). Allir meðlimir kirkjunnar eiga þá blessun að taka þátt í þessari yfirstandandi endurreisn. Hvernig gerum við það?

Ein leið til þess að taka þátt er að gera og halda helga sáttmála. Helgiathafnir, þar með taldar musterishelgiathafnir, hafa ekki tilgang nema að fólk framkvæmi þær og haldi síðan þá sáttmála sem tengjast þeim helgiathöfnum. Systir Bonnie Parkin, fyrrverandi aðalforseti Líknarfélagsins, sagði: „Sáttmálsgjörð er tjáning hins fúsa hjarta; að halda þá er tjáning hins trúa hjarta.“[6]

Með því að gera og halda sáttmála, undirbúum við okkur ekki bara fyrir eilíft líf, heldur Melkísedeksprestdæminu og helgiathöfnum musterisins.

Önnur leið til að taka þátt í hinni yfirstandandi endurreisn er með því að sinna þeim köllunum og verkefnum sem við hljótum. Þannig miðar kirkjunni áfram. Trúfastir kennarar kenna börnum, unglingum og fullorðnum fagnaðarerindið. Systur og bræður í hirðisþjónustu annast meðlimi kirkjunnar persónulega. Forsætisráð og biskupsráð veita stikum, umdæmum, deildum, greinum, sveitum, félögum, bekkjum og hópum leiðsögn. Leiðtogar unglinganna leiða stúlkur og pilta. Ritarar skrá mikilvægar upplýsingar, sem eru síðan skráðar á himnum og fjöldi annarra sinna nauðsynlegum hlutverkum í því að undirbúa fólk fyrir eilíft líf og síðari komu frelsarans.

Þriðja leiðin til að taka þátt í endurreisninni er að aðstoða við samansöfnun Ísraels. Frá upphafi endurreisnarinnar hefur þetta

Eins og Nelson forseti hefur kennt, höfum við tækifæri og skyldu til að aðstoða við samansöfnunina, beggja vegna hulunnar.

verið lykilatriði verksins. Eins og Nelson forseti hefur kennt, höfum við tækifæri og skyldu til að aðstoða við samansöfnunina, beggja vegna hulunnar. Í lokaorðum fyrstu aðalráðstefnu hans sem forseta kirkjunnar, sagði Nelson forseti hnitmiðað: „Boðskapur okkar til heimsins er einfaldur og einlægur: Við bjóðum öllum börnum Guðs, báðum megin hulunnar, að taka á móti blessunum hins heilaga musteris, njóta varanlegrar gleði og vera hæf fyrir eilíft líf.“[7]

Samansöfnun Ísraels hérna megin hulunnar þýðir trúboðsverk. Þau okkar sem geta þjónað sem fastatrúboðar ættu að íhuga það tækifæri vandlega. Ég tel það mikla blessun að ég fékk að þjóna í trúboði á Ítalíu á þeim tíma sem kirkjan var mjög ung þar. Greinar okkar komu saman í leigðum sölum og við vonuðumst til að einhvern daginn myndu verða stikur þar og deildir. Ég varð vitni að því þegar hugrakkir frumkvöðlar komu inn í kirkjuna og lögðu grunninn að samansöfnun Ísraels í því merka landi.

Ein þeirra var Agnese Galdiolo. Við fundum ríkulega fyrir andanum þegar henni voru kenndar trúboðslexíurnar. Þrátt fyrir að finna fyrir andanum, vissi hún að fjölskylda hennar yrði eindregið á móti því að hún skírðist. Sú stund kom þó að hún samþykkti að skírast, uppfull af andanum. Hún skipti samt um skoðun sama morgun og skírnin átti að fara fram. Hún kom snemma í leiguhúsnæðið, þar sem hún átti að skírast, til að segja okkur að hún gæti ekki gert þetta, vegna þrýstings frá fjölskyldu hennar.

Hún samþykkti að spjalla aðeins við okkur áður en hún fór. Við fórum í kennslustofu, þar sem við lögðum til að við myndum biðja saman. Eftir að við höfðum kropið, báðum við hana um að flytja bænina. Eftir bænina stóð hún tárvot upp og sagði: „Allt í lagi, ég ætla að skírast.“ Nokkrum mínútum síðar skírðist hún. Árið eftir giftist hún Sebastiano Caruso og þau ólu upp fjögur börn, sem þjónuðu öll í trúboði og hafa síðan haldið áfram að þjóna í kirkjunni.

Öldungur og systir Curtis með nokkrum meðlimum Caruso fjölskyldunnar

Agnese og Sebastiano þjónuðu einnig í trúboði, þar sem Sebastiano var trúboðsforseti. Þegar ég þjónaði í öðru trúboði mínu á Ítalíu, 25 árum síðar, fékk ég að sjá hvað Caruso-fjölskyldan og aðrir frumkvöðlar, höfðu gert til að stækka ríki Guðs þar. Trúboðar mínir og ég unnum við að byggja upp kirkjuna, með þann draum að einhvern daginn myndi vera byggt musteri þar. Ímyndið ykkur gleði mína yfir því að við höfum nú musteri í Róm, Ítalíu.

Það er fátt sem jafnast á við gleði trúboðans. Þvílík blessun að hafa fæðst á tíma þar sem við getum gleðilega tekið þátt í yfirstandandi endurreisn, með því að hjálpa til við samansöfnun Ísraels.

Gleði trúboðans einskorðast ekki bara við fastatrúboða. Hvert og eitt okkar getur aðstoðað við trúarumbreytingu eða endurvirkjun systra okkar og bræðra, með því að vinna samtaka

Við skírn Agnese Galdiolo

Eliza R. Snow, einn af fyrstu leiðtogum Líknarfélagsins

fastatrúboðunum. Við höfum það tækifæri að safna Ísrael saman með því að bjóða fólki að koma og sjá og með því að veita nemendunum vináttu.

Það er svo í gegnum musteris- og ættarsögustarf sem við hjálpum til við samansöfnun Ísraels handan hulunnar. Það hefur verið heilög ábyrgð okkar í mörg ár að gera þetta verk. Áður en Joseph Smith lést, framkvæmdu hinir heilögu skírnir fyrir hina dánu og nokkrir hlutu musterisgjöf sína og innsiglun. Musterisgjöfin fyrir hina lifandi hófst fyrir alvöru eftir að byggingu Nauvoo musterisins lauk. Musterisgjöf og innsiglanir fyrir áa hófst síðan í musterunum í Utah.

Eliza R. Snow, lykilþátttakandi í því endurreisnarverki, skildi mikilvægi þess þáttar í endurreisninni. Hún varði miklum tíma í húsi musterisgjafarinnar og aðstoðaði við helgiathafnirnar þar.[8] Í einni heimsókn Líknarfélagsins, árið 1869, kenndi hún systrum sínum: „Ég hef verið að hugleiða hið mikla verk sem við þurfum að framkvæma, við að hjálpa til við sáluhjálp hinna lifandi og látnu. Við viljum vera. . . verðugir félagar guðanna og hinna heilögu.“ [9]

Framboð helgiathafna musterisins hefur aukist gífurlega með byggingu hinna mörgu mustera um heiminn og enn fleiri eru á leiðinni.

Með þeim verkfærum sem við höfum nú í höndunum, þá getur musteris- og ættarsögustarf orðið reglulegur þáttur í þátttöku okkar í hinni yfirstandandi endurreisn. Ég hef verið áhugasamur og verið þátttakandi í ættarsögustarfi í mörg ár, en þessi verkfæri sem við höfum á netinu, hafa aukið afköst mín við að fara með nöfn ættmenna í musterið. Ég á helgar minningar af því að sitja við borðið í íbúð okkar í Gana og finna nöfn evrópskra forfeðra minna, sem við konan mín gætum farið með í Accra musterið í Gana. Þessi gleðilegu tækifæri hafa fylgt okkur á aðra staði sem við höfum verið send til.

Í gegnum Joseph Smith, hóf Guð „endurreisn allra hluta, sem talað hefur verið um fyrir munn allra hinna heilögu spámanna frá upphafi veraldar“ (Kenning og sáttmálar 27:6). Endurreisnin hefur haldið áfram fram á okkar tíma, eins og Guð „nú opinberar“ og „ [mun] enn opinbera margt stórfenglegt og mikilvægt varðandi Guðs ríki“ (Trúaratriðin 1:9). Ég er mjög þakklátur fyrir það að við fáum að taka þátt í þessari yfirstandandi endurreisn. ■

Það er svo í gegnum musteris- og ættarsögustarf sem við hjálpum til við samansöfnun Ísraels handan hulunnar.

„Ef þið haldið að kirkjan hafi verið fyllilega endurreist þá eruð þið einungis búin að sjá upphafið. Það er mikið eftir ennþá.“
– Nelson forseti

HEIMILDIR

1. Sjá Efesus 1:10; Kenning og sáttmálar 27:13.
2. Sjá Daníel 2:35–45; Kenning og sáttmálar 65.
3. Russell M. Nelson, í „Latter-day Saint Prophet, Wife and Apostle Share Insights of Global Ministry,“ 30. okt. 2018, newsroom.ChurchofJesusChrist.org.
4. Sjá „Inspired Direction,“ *Liahona,* maí, 2019, 121.
5. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 137.
6. Bonnie D. Parkin, „Með heilagleika hjartans,“ *aðalráðstefna,* okt. 2002.
7. Sjá Russell M. Nelson, „Fylkjum liði,“ *aðalráðstefna,* apríl 2018. Ári síðar endurómaði Nelson forseti þessi orð á aðalráðstefnu: „Megum við einnig helga og endurhelga líf okkar þjónustu við Guð og börn hans – beggja vegna hulunnar“ („Lokaorð,“ *aðalráðstefna,* apríl 2019).
8. Hús musterisgjafarinnar var byggt á Musteristorginu á meðan á byggingu Salt Lake musterisins stóð. Hús musterisgjafarinnar var vígt árið 1855 og var notað fyrir helgiathafnir musterisins fram til 1889.
9. Eliza R. Snow, ræða í Líknarfélagi Lehí deildarinnar, 27. okt. 1869, Relief Society Minute Book, 1868–79, Church History Library, 26–27.

ÞEIR VÆNTU KOMU KRISTS – OG ÞAÐ GETUM VIÐ LÍKA GERT

Spámenn Mormónsbókar væntu þess að Kristur kæmi. Við getum líka átt von um endurkomu hans er við lesum orð þeirra.

Mindy Selu
Kirkjutímaritin

Hvaða orð koma upp í hugann þegar þið hugsið um Mormónsbók?

Nefítar, Lamanítar og aðrir –ítar?

Stríð, óbyggðir, hættur?

Iðrun, endurlausn, réttlæti?

Jesús Kristur?

Von?

Páskar eru tilvalinn tími til að hugleiða aftur boðskap Mormónsbókar. Einkum boðskap hennar um að Jesús er Kristur, frelsari okkar og lausnari. Sökum hans, munum við dag einn frelsast frá sársauka líkama og sálar. Frá dauða og synd. Við getum sigrast á öllu því slæma sem heimurinn færir okkur.

Við getum einfaldlega átt von.

Von – sönn von, með Jesú Krist að þungamiðju – innblés forna spámenn til að skrá heimildir á gulltöflurnar, sem síðar varð Mormónsbók. Jakob segir: „Og í þeim tilgangi höfum vér fært þetta í letur, að þeir megi vita, að vér þekktum til Krists og *lifðum í von um dýrð hans* mörg hundruð árum fyrir komu hans“ (Jakob 4:4; skáletrað hér).

Jakob vildi að við vissum að hann – og aðrir spámenn sem skráðu heimildirnar – vissi að Kristur kæmi. Mörg hundruð árum fyrir komu hans! Þeir voru líka innblásnir til að eiga þessa von af orðum þeirra spámanna sem *þeir* höfðu lesið. Jakob útskýrir: „Og vér lifðum ekki einir í von um dýrð hans, heldur einnig allir hinir heilögu spámenn, sem á undan oss komu.

Sjá, þeir trúðu á Krist og tilbáðu föðurinn í hans nafni, og vér tilbiðjum einnig föðurinn í hans nafni. . . .

„Þess vegna kynnum vér oss spámennina og vér höfum margar opinberanir og spásagnaranda. Og með öllum þeim vitnisburði öðlumst vér von, og trú vor verður óhagganleg“ (Jakob 4:4–6; sjá einnig 1. Nefí 19:21; Jakob 7:11; Mósía 3:13; Helaman 8:16).

Sú von sem þeir hlutu af eigin upplifunum og spádómarnir sem þeir lásu í ritningunum, bjó þá undir komudag Krists. Á sama hátt hafa spámenn í dag hvatt til þess að við búum okkur undir endurkomu Krists. Ef við viljum hafa þessa sömu von, þurfum við að „[kynna okkur] spámennina og [hljóta] margar opinberanir og spásagnaranda.“ Vitnisburðir þeirra um Jesú Krist munu ekki einungis styrkja okkar, heldur líka búa okkur undir komu hans.

HEIMSÓKNIN, EFTIR JORGE COCCO SANTANGELO

Lehí

„Hversu mikilvægt er það því ekki að kynna íbúum jarðar þetta, svo að þeim sé ljóst, að ekkert hold getur dvalið í návist Guðs nema fyrir verðleika, miskunn og náð heilags Messíasar, sem fórnaði lífi sínu í holdinu og tók það aftur fyrir kraft andans til að koma til leiðar upprisu dauðra og verða sjálfur hinn fyrsti til að rísa upp.“

2. Nefí 2:8

Nefí

„Og vér tölum um Krist, vér fögnum í Kristi, vér prédikum um Krist, vér spáum um Krist og vér færum spádóma vora í letur, svo að börn vor viti, til hvaða uppsprettu þau mega leita til fyrirgefningar synda sinna.“

2. Nefí 25:26

Alma

„Og hann mun ganga fram og þola alls kyns sársauka, þrengingar og freistingar. Og svo mun verða, til að orðið megi rætast, sem segir, að hann muni taka á sig sársauka og sjúkdóma fólks síns.

Og hann mun líða dauða til að leysa helsi dauðans, sem fiötrar fólk hans. Og hann mun kynnast vanmætti þess, svo að hjarta hans fyllist miskunn samkvæmt holdinu, svo að hann megi vita í holdinu, hvernig fólki hans verður best liðsinnt í vanmætti þess."

Alma 7:11-12

Amúlek

„Og hin mikla og síðasta fórn verður sonur Guðs, já, algjör og eilíf.

Og þannig mun hann færa hjálpræði öllum þeim, sem á nafn hans trúa, en það er tilgangur hinnar síðustu fórnar, að hjartans miskunnsemin, sem sigrar réttvísina, nái fram að ganga, og opni manninum leið til að öðlast trú til iðrunar.

Og þannig getur miskunnsemin fullnægt kröfum réttvísinnar og umvefur þá örmum öryggisins, á meðan sá, sem ekki iðkar trú til iðrunar, er varnarlaus gagnvart öllu lögmálinu um kröfur réttvísinnar. Þess vegna kemur hin mikla og eilífa endurlausnaráætlun einungis þeim til góða, sem á trú til iðrunar."

Alma 34:14–16

Lamanítinn Samúel

„Því að sjá. Hann hlýtur að deyja, til þess að hjálpræðið fái framgang. Já, óhjákvæmilegt verður og honum þóknanlegt, að hann deyi til að gjöra upprisu dauðra að veruleika og menn verði þar með leiddir í návist Drottins.

Já, sjá. Þessi dauði gjörir upprisuna að veruleika og endurleysir allt mannkyn frá hinum fyrsta dauða – andlegum dauða. Því að með falli Adams útilokast allt mannkyn úr návist Drottins og telst dautt, bæði gagnvart því stundlega og andlega.

En sjá. Upprisa Krists endurleysir mannkynið, já, allt mannkyn, og leiðir það aftur í návist Drottins."

Helaman 14:15–17

GETSEMANE, BLESSAR BÖRNIN, OG SNERT MIG EI, EFTIR JORGE COCCO SANTANGELO

Benjamín konungur

„Og hann skal kallast Jesús Kristur, sonur Guðs. . . .

Og sjá. Hann mun vitja sinna eigin, til að trúin á nafn hans færi mannanna börnum sáluhjálp. . . .

Og á þriðja degi mun hann rísa upp frá dauðum. . . .

Því að sjá. Blóð hans friðþægir einnig fyrir syndir þeirra, sem fallið hafa vegna lögmálsbrots Adams, en dáið hafa án þess að þekkja vilja Guðs varðandi þá, eða sem syndgað hafa óafvitandi."

Mósía 3:8–11

Mormón

„Þér skuluð vita, að þér verðið að öðlast vitneskju um feður yðar og iðrast allra synda yðar og misgjörða og trúa á Jesú Krist, að hann sé sonur Guðs og að Gyðingar drápu hann, en fyrir kraft föðurins reis hann aftur og hefur þannig sigrað gröfina. Og í honum hverfur einnig broddur dauðans.

Og hann gjörir upprisu dauðra að veruleika. Þess vegna verða menn upp reistir til að standa frammi fyrir dómstóli hans.

Og hann hefur gjört endurlausn heimsins að veruleika, en með því mun hverjum þeim, sem reynist án sektar frammi fyrir honum á degi dómsins, það gefið að dveljast í návist Guðs í ríki hans og syngja þar föðurnum, syninum og hinum heilaga anda, sem eru einn Guð, látlaust lof með kórum himna í eilífri sælu."

Mormón 7:5–7 ■

Hvaða þýðingu hafa páskarnir fyrir mig?

Á páskunum höldum við hátíðlegan „mikilvægasta dag sögunnar“[1] – upprisu frelsara okkar, Jesú Krists. Þessi viðburður er kjarninn í sæluáætlun himnesks föður.

Í fortilverunni var Jesús Kristur útvalinn til að verða frelsari okkar. Hann lofaði að sjá okkur fyrir leið til að fá fyrirgefningu synda okkar og að snúa aftur til himneskra heimkynna okkar.

Þennan fyrsta páskamorgun stóð Jesús við loforð sitt. Hann sigraði dauðann. Fyrir vikið er „hann . . . ljós og líf heimsins, já, óendanlegt ljós, sem aldrei getur myrkvast, já, og einnig óendanlegt líf, svo að dauðinn verður aldrei framar til“ (Mósía 16:9).

Hvaða blessanir færir upprisan ykkur?

Iðrun

Jesús biður hvert og eitt okkar: „Viljið þér nú ekki snúa til mín og iðrast synda yðar og snúast til trúar, svo að ég megi gjöra yður heila?“ Hann lofar: „Ég mun taka á móti hverjum þeim, sem koma vill“ (3. Nefí 9:13–14). Hvernig líður ykkur þegar þið iðrist?

LJÓSMYND AF LILJUM FRÁ GETTY IMAGES

HEIMILDIR

1. Dieter F. Uchtdorf, „Sjáið manninn!“ *aðalráðstefna,* apríl 2018.
2. Russell M. Nelson, „Fylkjum liði,“ *aðalráðstefna,* apríl 2018.



Upprisan

Dauðinn er óumflýjanlegur, en sigur frelsarans yfir dauðanum tryggir að allir munu rísa upp – líkamar og andar verða sameinaðir enn á ný í fullkominni mynd (sjá Alma 11:43). Hvernig færir þekkingin á upprisunni ykkur von?

Eilíft líf

Friðþæging frelsarans gerir eilíft líf, eða upphafningu, mögulegt. Til að meðtaka þessa blessun, verðum við að hlýða boðorðunum. Russell M. Nelson forseti hefur kallað veginn til eilífs lífs „sáttmálsveginn.“[2] Hvað þurfum við að gera til að fylgja þessum vegi til eilífs lífs?

GÖDI HIRDIRINN, DRUNGALEGUR DAGUR Á GOLGATA OG HVERT HNÉ SKAL BEYGJA SIG, EFTIR J. KIRK RICHARDS
GRÖFIN TÓMA, EFTIR STEVE HART

VIKA
1-2

13.–19. APRÍL

Mósía 1–3

Hvers vegna býður Benjamín konungur okkur að verða sem barn?



Að verða sem lítið barn, leyfir okkur að koma nær Kristi og njóta gleðinnar af því að verða heilög í gegnum friðþægingu hans.

Hafið þið einhvern tíma fundið hjarta ykkar mildast er þið hafið horft á barn? Börn tala oftast frá hjartanu og tjá kærleika og einfaldar trúarlegar staðhæfingar. Frelsarinn kenndi: „Hver sem auðmýkir sig og verður eins og barn þetta, sá er mestur í himnaríki“ (Matteus 18:4).

Þetta gæti verið ein af ástæðum þess að Benjamín konungur bað fólk sitt að losa sig úr viðjum hins náttúrlega manns og verða sem börn (sjá Mósía 3:19).

Hvernig verðum við sem börn? Vísið til Mósía 3:19 til að fylla í eyðurnar með orðunum sem Benjamín konungur notaði til að lýsa barnslegum einstaklingi.

1._____

2._____

3._____

4._____

5._____

6._____

UMRÆÐUR

Finnið barnslega eiginleika ykkar uppáhalds hetja í Mormónsbók. Hvernig getið þið fylgt fordæmi þeirra?

MYNDSKREYTING EFTIR BRYAN BEACH
í þjónustu guðs síns, EFTIR WALTER RANE

VIKA 3

20.–26. APRÍL

Mósía 4–6

Hver er merking þess að hafa nafn Krists greypt í hjörtu okkar?

Í Mormónsbók er fólk auðkennt hinum ýmsu nöfnum – Nefítar, Lamanítar og Antí-Nefí-Lehítar, til að nefna einhver. Benjamín konungur þráði að fólk sitt yrði nefnt æðra, heilagra nafni – nafni Jesú Krists.

Hér segir frá því hvernig við getum haft nafn frelsarans „ætíð [greypt í hjörtu okkar] (Mósía 5:12):

GERA SÁTTMÁLA MEÐ SKÍRN

Í skírn gerum við sáttmála við Guð um að taka á okkur nafn Krists. Hverja teljið þið vera merkingu þess? (Sjá Mósía 18:8–9.)

MEÐTAKA SAKRAMENTIÐ

Okkur er boðið að meðtaka sakramentið verðuglega í hverri viku. Í sakramentinu strengjum við þess heit að nýju að taka á okkur sjálf nafn Jesú Krists (sjá Moróni 4:3).

BREYTA LÍKT OG LÆRISVEINN JESÚ KRISTS

Sáttmálar okkar gera kröfu um að við höldum boðorðin. Breytni okkar ætti að endurspegla þrá okkar til að fylgja Kristi og líkjast honum. Með því að gera það, getum við áfram verið kölluð hans nafni. Á þennan hátt *varðveitum* við nafn Krists, svo það greypist í hjörtu okkar (sjá Mósía 5:12).

UMRÆÐUR

Hvað gerið þið dag hvern til að tryggja að þið varðveitið nafn Krists, svo það greypist í hjarta ykkar?

MYNDSKREYTING EFTIR BRYAN BEACH

VIKA 4

Blessun var það eina sem ég gat gefið

Ég lauk við lagaskóla á þeim tíma þegar dóttir mín átti eins árs afmælið sitt. Ég og eiginkona mín hlökkuðum til þess að halda upp á útskrift mína, afmæli dóttur minnar og möguleika framtíðar, en ekkert fór eins og við var búist.

Ég var atvinnulaus nokkru eftir útskriftina og átti erfitt með að finna atvinnu. Fjárhagserfiðleikar gerðu brátt vart við sig. Það hefði jafnvel reynst erfitt að hafa látlaust afmæli.

Eftir að hafa rætt heilmikið við eiginkonu mína, sættum við okkur við ástandið. Mér reyndist ekki auðvelt sem föður að geta jafnvel ekki keypt ódýra afmælisgjöf fyrir dóttur mína og að horfa upp á vonbrigði ástkærrar eiginkonu minnar.

Ég skildi ekki hvað var að gerast. Ég bað himneskan föður um að hjálpa mér að skilja hvers hann vænti af mér. Skyndilega var eins rödd talaði í huga minn og ég heyrði þessi orð: „Þú hefur nokkuð sem er dýrmætara öllu veraldlegu á þessari jörðu. Þú hefur prestdæmið. Hvaða betri gjöf getur þú gefið dóttur þinni en prestdæmisblessun?“

Augu mín fylltust tárum, er mér var hugsað um gildi prestdæmisins fyrir mig. Ég fylltist þakklæti í hjarta þegar ég íhugaði að prestdæmið væri krafturinn sem sameinaði fjölskyldu mína að eilífu.

Ég sagði eiginkonu minni frá þessum tilfinningum. Ég sagði henni að það eina sem ég gæti gefið dóttur minni væri blessun. Við komumst bæði að því að það myndi færa henni hamingju og frið, sem væri nægilegt.

Á afmælisdegi dóttur okkar komu vinir, ættmenni og nágrannar með köku og einfaldar skreytingar. Við vorum þakklát fyrir að halda upp á þennan sérstaka dag með þeim sem við elskum. Um kvöldið lagði ég hendur á höfuð dóttur minnar og gaf henni blessun. Ég blessaði hana með öllu því sem andi Drottins blés mér í brjóst að segja.

Við tökumst enn á við tímabil breytinga og áskorana varðandi atvinnuleysi og fjármál. Við hljótum þó frið og huggun mitt í sorg og vonbrigðum, frá frelsara okkar, Jesú Kristi. Ég veit fyrir víst að það er blessun að vera meðlimur Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og hafa aðgang að krafti prestdæmisins. Þetta var það eina sem ég gat gefið dóttur minni á afmælisdegi hennar og það var meira en nóg. ■

Jonathan Mafra Sena de Santana, Santa Catarina, Brasilíu

Það var eins og rödd talaði í huga minn og ég heyrði þessi orð: „Þú hefur nokkuð sem er dýrmætara öllu veraldlegu á þessari jörðu.“

MYNDSKREYTING EFTIR ALLEN GARNS

Lítill fugl minnti mig á

Ég var 26 ára þegar við eiginmaður minn misstum okkar fyrsta barn. Kennedy greindist með heilaæxli þegar hún var einungis 13 mánaða gömul. Eftir þrjár aðgerðir, fimm umferðir af lyfjameðferð og mikið af lyfjum og meðferðum, lést hún í faðmi okkar 20 mánaða gömul.

Ég var niðurbrotin yfir að missa fallegu, forvitnu, þróttmiklu litlu stúlkuna mína. Hvernig getur svona gerst? Hvernig gat ég haldið áfram? Ég var uppfull af spurningum, en átti engin svör. Nokkrum dögum eftir jarðarförina heimsóttum við hjónin leiðið, það var enn þakið fallegum bleikum blómum og borðum eftir jarðarförina

Er ég hugsaði um dóttur mína sá ég lítinn fuglsunga, of lítinn til að fljúga, hoppa í grasinu. Þessi fugl minnti mig á Kennedy, því hún elskaði dýr. Fuglinn hoppaði yfir leiðið og lék sér í borðunum og blómunum. Ég brosti, því ég vissi að þetta var nákvæmlega það sem Kennedy hefði óskað sér. Þá hoppaði fuglinn í áttina til mín. Ég þorði ekki að hreyfa mig. Litli fuglinn hoppaði upp að mér, hallaði sér upp að fótleggnum á mér, lokaði augunum og fór að sofa.

Ég get varla lýst þeim tilfinningum sem ég upplifði á því augnabliki. Mér fannst eins og Kennedy mín væri að faðma mig. Ég gat ekki haldið á dóttur minni, en þessi litli fugl – sköpun himnesks föður okkar – gat komið og lagt örsmátt höfuð sitt á mig og minnt mig á að himneskur faðir skildi sársauka minn og myndi ávallt vera til staðar til að hugga mig og hjálpa mér í gegnum erfiðleika mína.

Öldungur David A. Bednar í Tólfpostulasveitinni sagði: „Þegar orðin geta ekki veitt þá huggun sem við þörfnumst . . . þegar rök og skynsemi ná ekki að veita viðeigandi skilning á ranglæti og misgjörðum þessa lífs, . . . þegar svo virðist sem við séum alein, þá erum við sannlega blessuð með mildri miskunn Drottins“ („Hin milda miskunn Drottins,“ aðalráðstefna, *apríl 2005).*

Ég hafði ekki enn öll svörin við spurningum mínum, en miskunn hans fullvissaði mig um að himneskur faðir elskaði bæði Kennedy og mig og að fyrir friðþægingarfórn sonar hans, Jesú Krists, á ég þá von að Kennedy, eiginmaður minn og ég verðum einhvern tíma aftur saman sem fjölskylda. ■

Laura Linton, Utah, Bandaríkjunum



Þegar ég hugsaði um dóttur mína, hoppaði örsmár fuglsungi, of lítill til að fljúga, til mín yfir grasið.

MYNDSKREYTING EFTIR CAROLYN VIBBERT

Dýrmætari silfurarmbandi

Morgun einn varð mér ljóst að silfurarmbandið mitt hafði týnst. Ég var döpur í bragði, því armbandið var mér dýrmætt.

Þegar ég var beðin að leiða umræður í Líknarfélaginu, um boð frelsarans um að gæta sauða hans, einsetti ég mér, að þar sem ég hugðist hvetja systurnar, þá skildi ég gera eitthvað fyrir einn sauða hans.

Ég taldi í mig kjark og bauð einni lítt virkri systur að koma með mér á viðburð Líknarfélagsins. Hún þáði það og við áttum góðan tíma saman. Mér fannst þetta gott fordæmi og vildi óðfús segja frá þessari reynslu. Drottinn hugðist þó kenna mér meira.

Þegar ég klæddi mig morgun einn, varð mér ljóst að silfurarmbandið mitt hafði týnst. Mér hafði verið gefið þetta armband í afmælisgjöf þegar ég var í Frakklandi, svo það hafði sérstaka merkingu fyrir mig. Ég leitaði að því á líklegustu stöðum, en fann það ekki. Ég sagði við sjálfa mig, að ef ég bæðist fyrir myndi ég fljótt finna armbandið.

Eftir að hafa beðist fyrir, leitaði ég hvarvetna. Í fjóra daga baðst ég ákaft fyrir og leitaði vandlega. Ég bað himneskan föður innilega að hjálpa mér að finna það, en það kom ekki í leitirnar. Ég var döpur í bragði, því armbandið var mér dýrmætt.

Kvöld eitt flutti sonur minn bæn með mér við rúmið mitt. Eftir bænina, tók hann eitthvað upp og rétti mér það. Það var armbandið mitt! Hann hafði fundið það undir rúminu. Það hlaut einhvern vegin að hafa farið fram hjá mér í leitinni. Ég hrópaði upp af gleði yfir að fá það aftur.

Skyndilega vaknaði sterk hugsun: „Biður þú jafn einlæglega fyrir systrunum í kirkjunni? Eru þær þér jafn dýrmætar og armbandið? Hvað með systur þínar utan kirkjunnar? Biður þú líka fyrir þeim?“

Þegar ég sagði frá upplifun minni með armbandið í Líknarfélaginu, áttum við dásamlegar umræður. Ég sagði systrunum, að mér hefði lærst að þegar frelsarinn bæði okkur að gæta sauða sinna, yrðum við að hafa hugfast að „verðmæti sálna er mikið í augum Guðs“ (Kenning og sáttmálar 18:10). Hann vill að við gætum að þeim sem eru umhverfis og að við elskum og önnumst þau og biðjum fyrir þeim af öllum mætti. Þegar við gerum það, munum við finna að hver og einn er langtum dýrmætari en silfurarmband. ■

Sylvie Houmeau, Quebec, Kanada

MYNDSKREYTING EFTIR EMILY LUI

„Sjáið hvað örlítil trú getur gert?“

Við klöngruðumst niður slóðann í kapphlaupi við storminn.
„Við skulum fara með bæn,“ sagði yngsti sonur okkar.

Fyrir nokkru síðan fórum ég og eiginkona mín með tvo yngstu syni okkar til Frakklands, til að skoða svæðið sem ég hafði þjónað á sem trúboði. Við heimsóttum þær greinar kirkjunnar sem ég hafði þjónað í og áttum ánægjustundir með þeim meðlimum sem ég hafði kennt. Við fórum líka á sögufræga staði.

Einn slíkur staður voru rústir kastalans Château de Châlucet. Þessi gríðarstóri kastali frá miðöldum sætti árásum og var eyðilagður á fyrri öldum. Gróðurþekja hafði vaxið allstaðar umhverfis rústirnar og slóðinn þangað var mjór og brattur. Þetta var erfitt klifur, en þess virði þegar upp var komið.

Drengirnir höfðu gaman að því að klifra ofan í það sem eitt sinn var dýflissa og efst upp á það litla sem upp úr stóð af veggjum kastalans. Kastalinn örvaði ímyndunarafl þeirra, rétt eins og hann hafði gert hjá mér 24 árum áður.

Meðan við vorum þarna, sást sumarstormur berast að úr fjarska. Hann fór hratt yfir. Dökkir skýjabólstrar og eldingar fylltu himinhvolfið og í kjölfarið heyrðust miklar þrumur.

Við klöngruðumst niður slóðann, til að komast í bílinn, í kapphlaupi við storminn. Fljótlega skall á hellirigning, svo við urðum holdvot og slóðin varð full af leðju og for. Við óttuðumst að við rynnum til og féllum niður bratta, grýtta slóðina.

Við komum auga á afdrep á meðal trjánna við slóðarbrúnina. Við hnipruðum okkur saman í afdrepinu og hugsuðum hve lengi við þyrftum að hinkra til að komast aftur niður.

„Við skulum fara með bæn,“ sagði yngsti sonur okkar.

Hann vildi flytja hana og bað þess að rigningunni linnti, svo við kæmumst örugg niður brattann. Hann leit á okkur og sagði: „Nú þurfum við bara öll næga trú.“

Ég útskýrði að bænir virkuðu ekki alltaf á þann hátt.

„Nei,“ sagði hann, „rigningin mun hætta eftir 10 mínútur!“

Eftir um 10 mínútur linnti rigningunni.

„Allt í lagi, förum núna!“ sagði hann.

„Ef við förum núna, mun aftur byrja að rigna og við sitjum föst,“ sagði eldri sonur okkar.

„Það gerist ekki,“ sagði sá yngsti. „Förum núna!“

Við komumst áfram eftir þurrari helmingi slóðans og ýttum frá okkur runnum og greinum á leið okkar. Þegar í bílinn var komið, fórum við með bæn þakkargjörðar. Fljótlega byrjaði að rigna aftur.

„Sjáið hvað örlítil trú getur gert?“ sagði sonur okkar auðmjúkur.

Hann kenndi okkur öllum mikilvæga lexíu dag þennan. ■

Godfrey J. Ellis, Washington, Bandaríkjunum



MYNDSKREYTING © GARY ALPHONSO, 121ART.COM



Öldungur
Kyle S. McKay
af hinum Sjötíu

Gjörbreyting í hjarta

Með Falli Adams komu synd og sjúkdómar í heiminn. Hvort tveggja getur verið banvænt á sinn hátt. Af öllum sjúkdómum, er krabbamein líklega almennast og átakanlegast. Í sumum löndum fær rúmlega einn þriðji hluti allra íbúanna einhvers konar krabbamein og það er orsök næstum eins fjórða hluta allra dauðsfalla.[1] Krabbamein hefst oft á einni frumu, sem er svo lítil að hún verður einungis séð í smásjá. Meinið getur þó vaxið hratt og dreift úr sér.

Krabbameinssjúklingar fara í meðferð til að eyða meinvarpinu. Algjör eyðing meinvarpsins, þýðir að engin merki séu lengur greinanleg um sjúkdóminn. Læknar benda þó sjúklingi fljótt á að þótt meinvarpinu hafi verið eytt, merki það ekki endilega að lækning sé tryggð.[2] Þótt eyðing meinvarps veki hugarró og von, þá vonast krabbameinssjúklingar alltaf eftir meiru en bara eyðingu meinsins – þeir vonast eftir lækningu. Ein heimild segir: „Sá sem vonast eftir lækningu, þarf að bíða og sjá hvort krabbameinið geri vart við sig aftur, svo tíminn er því mikilvægur þáttur. Ef mein sjúklings gerir ekki aftur vart við sig að nokkrum árum liðnum, gæti sjúklingur verið fulllæknaður. Ákveðnar tegundir krabbameins geta blossað upp aftur, mörgum árum eftir meinvarpseyðingu.“[3]

Syndin tærir, bæklar og drepur loks sálina. Hún er megin orsök – eiginlega eina orsök – andlegs dauða.

Iðrun er meðferð við synd.

Sjúkdómar og synd

Syndin er jafnvel enn hættulegri sálinni, en krabbameinið líkamanum. Syndin er yfirleitt smávægileg í fyrstu – stundum ómerkjanlega smávægileg – en getur vaxið hratt. Hún tærir, bæklar og drepur loks sálina. Hún er megin orsök – eiginlega eina orsök – andlegs dauða, alls þess sem skapað er. Iðrun er meðferð við synd. Sönn iðrun er 100 prósent árangursrík við eyðingu syndar eða að gera syndaaflausn mögulega. Syndaaflausn veitir

sálinni líkn og gleði. Að hljóta syndaaflausn og vera laus við einkenni og áhrif syndar, merkir þó ekki endilega að hinn syndugi hafi verið fulllæknaður. Það er eitthvað sem tengist hjarta hins fallna manns, sem gerir hann taman syndinni. Syndin getur því jafnvel gert vart við sig á ný mörgum árum eftir syndaaflausn. Að viðhalda syndaaflausn eða, með öðrum orðum, viðhalda fyrirgefningu synda, er algjörlega nauðsynlegt til að læknast algjörlega.

Hreinsuð og læknuð

Þessi samlíking hjálpar okkur að skilja þá andlegu merkingu, að ekki nægir að við hreinsumst af synd, heldur þurfum við líka að læknast af syndsemi. Sú hugarfarslega togstreita að gera gott, en ekki slæmt, sem okkur er eðlislægt, getur verið lýjandi. Ef við erum trúföst, verðum við sigursæl, ekki vegna þess að við höfum þröngvað hugann til að breyta gegn því sem okkur er eðlislægt, heldur vegna þess að við hofum lotið vilja Guðs, sem síðan breytir eðli okkar.

Benjamín konungur kenndi: „Hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs og hefur verið það frá falli Adams og mun verða það alltaf og að eilífu, nema hann láti undan umtölum hins heilaga anda, losi sig úr viðjum hins náttúrlega manns . . . fyrir friðþægingu Krists, sjálfs Drottins“ (Mósía 3:19). Fólk Benjamíns konungs svaraði þessu og öðrum kenningum með því að biðja: „Ó, miskunna oss og beit þannig friðþægingarblóði Krists, að vér megum hljóta fyrirgefningu synda vorra *og* hjörtu vor megi hreinsast“ (Mósía 4:2; skáletrað hér). Eftir að fólkið hafði beðist fyrir, svaraði Drottinn hinni tvíþættu bæn þess. Fyrst: „Kom andi Drottins yfir þá, og þeir fylltust fögnuði yfir að hafa fengið fyrirgefningu synda sinna og frið við samvisku sína“ (Mósía 4:3).

Benjamín konungur, sem sá að fólk hans hafði hlotið syndaaflausn, hvatti það til að keppa að endanlegri lækningu, með því að kenna því að viðhalda eigin syndaaflausn (sjá Mósía 4:11–30). „Ef þér gjörið þetta,“ lofaði hann, „munuð þér ætíð fagna og fyllast Guðselsku, og ætíð njóta fyrirgefningar syndanna“ (Mósía 4:12).

Fólkið trúði og skuldbatt sig orðum Benjamíns konungs, þá skipti engum togum að Drottinn svaraði síðari hluta bænar þess – um að „hjörtu [þess] megi hreinsast.“ „Því að andi Drottins almáttugs hefur valdið svo mikilli breytingu á okkur, eða í hjörtum okkar, að við hneigjumst ekki lengur til illra verka, heldur stöðugt til góðra verka“ (Mósía 5:2). Benjamín konungur útskýrði að þessi mikla breyting sýndi að fólkið hafði fæðst af Guði (sjá Mósía 5:7).

„Hvernig má það vera?“

Spámaðurinn Alma kenndi að við verðum bæði að iðrast *og* fæðast aftur – fæðast af Guði, gjörbreytast í hjarta (sjá Alma 5:49). Þegar við iðrumst stöðugt, mun Drottinn afmá allar syndir okkar *og* afmá hið eðlislæga, sem fær eða knýr okkur til að syngda. Enos spurði hins vegar: „Drottinn, hvernig má það vera?” (Enos 1:7). Svarið er einfalt, en þó djúpstætt og eilíft. Við þá sem hafa læknast af hvers kyns ástandi, líkamlegu eða andlegu, hefur Drottinn sagt: „Trú þín hefur bjargað þér“ (sjá Markús 5:34; Enos 1:8).

Sú gjörbreyting í hjarta sem Alma upplifði varð „fyrir trú hans“ og fylgjendur hans upplifðu breytingu í hjarta, er þeir „lögðu traust sitt á hinn sanna, lifanda Guð“ (Alma 5:12, 13). Hjörtu fólks Benjamíns konungs höfðu „breyst fyrir trú á nafn [frelsarans]“ (Mósía 5:7).

> ***Þessi mikla breyting á sér stað* innra *með okkur; hún er ekki* af *okkar völdum.***

Ef við viljum hafa þessa sömu trú, að við fáum treyst Drottni af öllu hjarta, verðum við að gera það sem leiðir til trúar og gera það sem trú leiðir okkur til að gera. Drottinn hefur, meðal þess marga sem leiðir til trúar, og varðar þessa breytingu hjartans, lagt áherslu á föstu, bæn og orð Guðs. Þótt trú leiði til margra hluta, þá er iðrun fyrsti ávöxtur hennar.

Þökk sé friðþægingu Jesú Krists, að við getum ekki aðeins hreinsast af synd, heldur líka læknast af syndsemi.

Ígrundið eftirfarandi tvö vers í Bók Helamans, sem undirstrika þessar reglur. Fyrst lesum við um fólk sem „fastaði. . . og baðst oft fyrir og varð . . . stöðugt ákveðnara í trúnni á Krist, . . . já, sem hreinsaði og helgaði hjörtu þess, þeirri helgun, sem fæst með því að gefa hjörtu sín Guði“ (Helaman 3:35). Við lærum líka af lamaníska spámanninum, Samúel: „Heilagar ritningar, já, [spádómar] hinna heilögu spámanna, . . . leiða . . . til trúar á Drottin og til iðrunar, þeirrar trúar og iðrunar, sem umbreytir hjörtum“ (Helaman 15:7).

Setja traust á Guð

Við ættum aðeins að staldra hér við og átta okkur á að þessi mikla breyting sem rætt er um, á sér stað *innra* með okkur; hún er ekki *af* okkar völdum. Við getum iðrast, breytt atferli okkar, viðhorfi okkar, jafnvel þrám og trú, en við höfum hvorki mátt, né getu til að breyta eigin eðli. Við erum algjörlega háð almáttugum Guði, hvað þessa gjörbreytingu varðar. Það er hann sem náðarsamlega hreinsar hjörtu okkar og breytir eðli okkar „að afloknu öllu, sem vér getum gjört“ (2. Nefí 25:23). Boð hans er óhagganlegt og öruggt: „Iðrist og [komið] til mín í einlægum ásetningi, og ég mun gjöra [yður] *heila*“ (3. Nefí 18:32; skáletrað hér).

Áhrif þess að læknast af syndsemi eru þau að við munum „hverfa úr viðjum holdlegs og fallins hlutskiptis í faðm réttlætisins, . . . verða synir hans og dætur [og] á þennan hátt [verðum við] ný sköpun“ (Mósía 27:25, 26). Ásjóna okkar mun ljóma ljósi Krists. Ritningarnar segja ennfremur að „hver sem af Guði er fæddur syndgar ekki“ (1. Jóhannesarbréfið 5:18). Þannig er það ekki vegna þess að við getum ekki syndgað, heldur vegna þess að það er nú eðli okkar að syndga *ekki*. Það er vissulega mikil breyting.

Hafa skal hugfast að gjörbreyting hjartans er ferli sem gerist í rás tímans, en ekki á einum tímapunkti. Breytingin gerist yfirleitt smám saman, stundum ómerkjanlega í áföngum, en hún er raunveruleg, hún er kröftug og hún er nauðsynleg.

Ef þið hafið enn ekki upplifað líka gjörbreytingu, spyr ég ykkur: Hafið þið iðrast og hlotið syndaaflausn? Lærið þið hinar helgu ritningar? Biðjið þið og fastið oft, svo þið vaxið stöðugt og ákveðið að trú á Krist? Hafið þið næga trú til að treysta Drottni af öllu hjarta? Eruð þið óhagganleg í þeirri trú? Gætið þið hugsana ykkar, orða og verka og hlítið boðorðum Guðs? Ef þið gerið þetta, munuð þið ætíð fagna og fyllast Guðselsku, og ætíð njóta fyrirgefningar syndanna. Ef þið viðhaldið syndaaflausn ykkar, munuð þið upplifa lækningu og *breytingu!*

Jesús Kristur hefur mátt til að hreinsa okkur af synd og líka að lækna okkur af syndsemi. Hann hefur máttinn til að frelsa og þar með máttinn til að breyta. Ef við gefum honum hjarta okkar, iðkum trú, með því að gera allar þær breytingar sem við getum gert, mun hann virkja mátt sinn í okkur, til að koma hinni miklu breytingu til leiðar í hjarta okkar (sjá Alma 5:14). ■

HEIMILDIR

1. Sjá Stacy Simon, „Facts & Figures 2019: US Cancer Death Rate Has Dropped 27% in 25 Years,” American Cancer Society, 8. jan 2019, cancer.org.
2. Sjá „Remission: What Does It Mean?“ webMD.com.
3. Cathy Sweat, *The Gates to Recovery* (2019).

Bæta upplifun okkar í musterinu

Frá Æðsta forsætisráðinu

„Hið helga musteri er kóróna endurreisnarinnar. Helgiathafnir og sáttmálar þess eru nauðsynleg til að undirbúa þá sem eru tilbúnir að taka á móti frelsaranum við síðari komu hans.“[1]

Öðru hverju hefur Æðsta forsætisráðið gert breytingar á athöfnum og starfsháttum musterisins, til að bæta upplifun meðlima í musterinu og til að auðvelda þeim sem þangað fara að finna nánari tengingu við Guð innan þessara helgu veggja.

Sem hluta af musterisupplifuninni, klæðast meðlimir viðhafnarfatnaði með kenningarlegri og táknrænni þýðingu sem hægt er að rekja aftur til musteristilbeiðslu í Gamla testamentinu (sjá 3. Mósebók 8 og 2. Mósebók 28).

Nokkrar breytingar verða gerðar á viðhafnarklæðnaði musterisins. Þessar breytingar munu ekki endurspegla breytingar á táknrænu eða kenningarlegu starfi musterisins, heldur er tilgangurinn að gera musterisupplifunina einfaldari, þægilegri og auðveldari, með því að gera fatnaðinn auðveldari að klæðast, annast og ódýrari að kaupa.

Nokkrir þeirra breytinga eru:

- Einfaldari hönnun á slæðu og kyrtli.
- Plastið verður fjarlægt úr höfuðfatinu og bandið tekið af höfuðfatinu og slæðunni.
- Notað verður endingarbetra efni sem verður hið sama fyrir kyrtla, höfuðfat og mittislinda, sem gerir það endingarbetra og auðveldara í umhirðu.

Við vonumst til að þessar breytingar muni auðvelda ykkur hina helgu upplifun, er þið gerið musteristilbeiðslu að reglulegum þætti í lífi ykkar. ■

„Allar breytingar sem gerðar eru á helgiathöfnum og framkvæmdum, breyta ekki helgu eðli sáttmálanna sem gerðir eru [í musterinu]. Breytingar gera mögulegt að gróðursetja má sáttmála í hjörtu fólks sem lifir á ólíkum tímum og við ólíkar aðstæður.“

Russell M. Nelson forseti, leiðtogaþjálfunarfundi aðalráðstefnu, okt. 2019.

HEIMILDIR

1. Russell M. Nelson, „Lokaorð,“ *aðalráðstefna,* október 2019

LJÓSMYND AF PARI, EFTIR MATT REIER; LJÓSMYND AF PORT-AU-PRINCE MUSTERINU Á HAÍTÍ, EFTIR CODY BELL

SVÖR VIÐ ALGENGUM SPURNINGUM

Get ég haldið áfram að nota viðhafnarklæðin sem ég á þegar?

Já. Hægt er að nota eldri útgáfur þar til það kemur að því að endurnýja þær.

Hvernig losa ég mig við gömul viðhafnarklæði á viðeigandi máta?

„Til að farga slitnum viðhafnarklæðum musterisins, ættu meðlimir að eyðileggja þau með því að klippa þau niður, svo ekki sé hægt að sjá upphaflegan tilgang þeirra“ (*Handbook 2: Administering the Church* [2010], 21.1.42).

Get ég breytt núverandi fatnaði mínum til að endurspegla þessar nýju breytingar?

Já. Frekari upplýsingar um hvernig það er hægt, má finna á store.ChurchofJesusChrist.org/ceremonialclothing þegar þið skráið ykkur inn með meðlimaaðgangi ykkar eða með því að heimsækja dreifingarþjónustu kirkjunnar og ræða við afgreiðslustarfsmann.

Get ég gefið gamlan viðhafnarklæðnað?

Þegar það er viðeigandi getið þið gefið fjölskyldumeðlimum eða vinum sem hafa hlotið musterisgjöfina vel með farinn fatnað. Hins vegar ætti ekki að gefa musterum, nytjamörkuðum eða skiptimörkuðum viðhafnarfatnað, sama í hvaða ásigkomulagi hann er.

Hvernig get ég nálgast nýjan fatnað?

Til að fá upplýsingar um kostnað og aðgengi á ykkar svæði, farið þá á store.ChurchofJesusChrist.org/ceremonialclothing eða heimsækið dreifingarþjónustu kirkjunnar.

Ungt fullorðið fólk

Í þessum hluta

44 **Hvernig ungt fullorðið fólk lætur að sér kveða í yfirstandandi endurreisn**

Einungis stafrænt

Teljið þið ykkur engan tilgang hafa sem ungt fullorðið fólk? Hugsið málið aftur

Cesar Gervacio

Að nota fullt nafn kirkjunnar var óþægilegt en þess virði

Lauri Ahola

Finna gleði í því að taka þátt í verki Drottins

Byggja upp ríkið í Nýju Kaledóníu

Mindy Selu

Finnið þessar greinar og fleiri:

- Á **liahona.ChurchofJesusChrist.org**
- Í **UFF vikulegt efni** (undir efnishlutanum „Ungt fullorðið fólk" í Gospel Library)

Miðlið sögu ykkar

Eigið þið góða sögu sem miðla mætti? Viljið þið fá greinar um ákveðið efni? Ef svo er, viljum við heyra frá ykkur! Þið getið sent greinar ykkar eða ábendingar á **liahona.ChurchofJesusChrist.org.**

Við getum útbreitt ljósi fagnaðarerindisins

Yngri fullorðinsárin eru tími vaxtar, tækifæra og möguleika til að hefia uppbyggingu lífs ykkar. Það getur verið allt í senn yfirþyrmandi, spennandi og ógnvekjandi (það hefur vissulega verið það hjá okkur).

Þó við vitum kannski ekki svörin við öllum brýnustu spurningum lífsins, þá er það eitt sem við erum alveg viss um – að **ungt fullorðið fólk hefur alltaf verið lykilþáttur í yfirstandandi endurreisn kirkju Jesú Krists.**

Við vinnslu efnishluta þessa mánaðar, var rætt við margt ungt fullorðið fólk um þátttöku þess í samansöfnun Ísraels. Við höfum fundið til mikillar auðmýktar vegna einlægrar elsku þess og hollustu við fagnaðarerindi Jesú Krists. Burt séð frá aðstæðum sínum, **skilja þessir ungu heilögu það mikilvæga hlutverk sem þau hafa í þessari síðustu ráðstöfun.** Í greininni „Hvernig ungt fullorðið fólk lætur að sér kveða í yfirstandandi endurreisn" á bls. 44 má lesa um það hvernig ungt fólk frá Indlandi, Ungverjalandi, Barbados, Ástralíu og Bandaríkjunum býr heiminn undir síðari komu frelsarans.

Í greinum sem eingöngu eru stafrænar, segir Cesar frá því **hvernig við getum fundið tilgang og orðið betri leiðtogar.** Lauri segir frá þeim blessunum sem við hljótum þegar við fylgjum leiðsögn spámannsins. Annað ungt fólk segir frá upplifun sinni af musterisþjónustu, hirðisþjónustu, ættarsögu og trúboði. Við segjum líka frá dæmi ungs fullorðins einstaklings í Nýju Kaledóníu sem sýnir hvernig **ungir meðlimir vinna verk Drottins á fámennari svæðum kirkjunnar.**

Hvar sem þið eruð og hverjar sem aðstæður ykkar eru, **þá getið þið verið mikilvægari en þið teljið við samansöfnun Ísraels.** Við, sem ungt fólk, erum framtíðarleiðtogar þessarar kirkju. Neisti verka okkar í dag mun tendra ljós fagnaðarerindisins og dreifa því um heim allan á morgun.

Virðingarfyllst,

Chakell Wardleigh og Mindy Selu

Ritstjórar efnishluta kirkjutímaritanna fyrir ungt fullorðið fólk

LJÓSMYNDUN, WESTON C. COLTON

Hvernig ungt fullorðið fólk lætur að sér kveða í **yfirstandandi endurreisn**

Ungt fullorðið fólk hefur alltaf átt mikilvægan þátt í sáluhjálparstarfinu.

Hvenær sem þið heyrið boð frá kirkjuleiðtoga um að taka þátt í hinni yfirstandandi endurreisn, eða hjálpa til við samansöfnun Ísraels, hugsið þá nokkurn tíma: „Hvað get ég gert? Ég er bara ein manneskja:“ „Ég er of ung/ungur,“ „Ég er ekki ennþá gift/giftur,“ eða „Ég veit ekki nægilega mikið. Hverju myndi mitt framlag breyta?“

Við eigum öll þessar hugsanir til á einhverjum tímapunkti. Er þið lesið eftirfarandi setningar, reynið þá að þagga niður í þessum sjálfsefa.

- Joseph Smith var einungis 22 ára gamall þegar hann hóf þýðingu Mormónsbókar.
- Oliver Cowdery var einnig 22 ára og John Whitmer var 26 ára (og báðir voru einhleypir!) þegar þeir hófu starf sem ritarar Josephs.
- Árið 1835, þegar fyrsta Tólfpostulasveitin var kölluð, voru þeir frá 23 til 35 ára.
- Margir hinna heilögu sem gengu í kirkjuna og boðuðu fagnaðarerindið voru ungt fullorðið fólk.

Þegar allt kemur til alls, þá vann Guð í gegnum ungt fullorðið fólk á upphafsárum endurreisnar fagnaðarerindis Jesú Krists. Fólk eins og ykkur.

Gerið ykkur grein fyrir því.

Kirkjan væri ekki útbreidd um jörðina í dag, ef engum fyndist þeir hafa neitt að segja. Þið – já þið! – eruð hluti af útvalinni kynslóð, til að viðhalda endurreisninni og leiða kirkju Jesú Krists í dag.

KORT FRÁ GETTY IMAGES

Þið voruð send hingað. Núna. Af ástæðu.

Þegar Russel M. Nelson forseti talaði um kynslóð okkar, sagði hann: „Þið lifið á hinni ‚elleftu stundu.' Drottinn hefur lýst því yfir að þetta sé í síðasta skiptið sem hann kallar verkamenn í víngarð sinn til að safna saman hinum útvöldu frá fjórum skautum jarðarinnar. (Sjá K&S 33:3–6.) Þið voruð send til að taka þátt í þessari samansöfnun."[1]

Hugsið um fylkingu hinna 65.000 fastatrúboða sem miðla fagnaðarerindinu allan daginn, alla daga, um allan heim. Hugsið um allt unga fólkið sem gerir sáttmála í musterinu, nýtir sér hið endurreista prestdæmi og musterisblessanir og gerir sáttmála um að vera trúfast, styrkja fjölskyldur sínar og byggja upp ríki Guðs á jörðu. Hugsið um unga fólkið sem þjónar sem kirkjuleiðtogar um allan heim. Hugsið um þá sem sækja fram í að fylgja Jesú Kristi, þrátt fyrir ofureflið andspænis þeim. Ungt fullorðið fólk hefur

Guð vann í gegnum ungt fullorðið fólk á upphafsárum endurreisnarinnar. Fólk eins og ykkur.

Endurreisnin snýst um það að leita opinberunar.

VENNELA VAKAPALLI,
22 ÁRA, INDLANDI

verið mikilvægur þáttur í endurreisninni frá upphafi. Hin yfirstandandi endurreisn hefur verið mikilvægur þáttur í lífi óteljandi ungs fullorðins fólks í kirkjunni.

Merking endurreisnarinnar fyrir okkur

Hvað mörg okkar varðar, þá byggir þátttaka okkar í endurreisninni mikið á því sem hún hefur kennt okkur. Fyrir Venella Vakapalli, ungan trúskipting frá Andhra Pradesh í Indlandi, þá snýst „endurreisnin um að leita opinberana. Joseph Smith leitaði opinberana í skóginum. Hann ræddi við Drottinn, beið svars, hann var þolinmóður. Ég kann virkilega að meta það." Venella útskýrir: „Áður en ég heyrði um endurreisnina, hugsaði ég ekki mikið um opinberanir. Eitt það frábærasta og sem ég furða mig á, er hve miklum tíma hann varði í að fá opinberun frá Guði. Það er þetta sem ég lærði af endurreisninni."

Svo mikið af þeirri þekkingu sem kemur með endurreisninni gerir líf mitt auðveldara og minnkar álagið.

JACOB ROBERTS,
29 ÁRA, BANDARÍKJUNUM

Emma og Jacob Roberts, ungt par frá Utah, Bandaríkjunum, eru sammála um að endurreisnin snúist um „áframhaldandi opinberun" – fyrir okkur sjálf og heiminn – „að við getum haft spámann, talsmann Guðs hér á jörðu, sem sér til þess að við höfum einhvern sem starfar með Guði, biður til hans og ræðir við hann fyrir okkar hönd, sama hvaða áskoranir heimurinn býður upp á, og sér til þess að við séum undirbúin og hæf til að takast á við hvaða áskoranir sem heimurinn réttir að okkur er hann breytist."

„Svo mikið af þeirri þekkingu sem kemur með endurreisninni gerir líf mitt auðveldara og minnkar álagið," segir Jacob. Það kemur allt með þeirri fullvissu að „það er Guð sem elskar okkur og vakir yfir okkur," segir Emma. „Tilgangur hans er hamingja okkar. Sem ungt fullorðið fólk, getum við algerlega treyst og fylgt honum, því við vitum að markmið hans er hamingja okkar. Við vitum að við erum eilífar verur og það veitir mér mikla von og trú, að hvað sem ég geri nú og hvaða mistök sem ég geri nú, þá get ég samt iðrast og að ég hef þennan tíma til að þroskast og læra."

Þess konar fullvissa hjálpaði einnig Ramonu Morris, ungum einstaklingi frá Barbados, þegar hún heyrði fyrst um endurreisnina.

Endurreisnin færir þeim frið sem efast um líf sitt og áætlun Guðs fyrir sig.

RAMONA MORRIS,
28 ÁRA, BARBADOS

Meðal annars öðlaðist hún vitnisburð um að „himneskur faðir er til staðar fyrir okkur. Endurreisnin færir þeim frið sem efast um líf sitt og áætlun Guðs fyrir þau."

Þótt það hafi fært skýrleika inn í líf hennar að skilja endurreisnina, viðurkennir hún samt að „það sé erfitt að tengja við fagnaðarerindið þegar maður er svona langt frá höfuðstöðvum kirkjunnar, en vegna þess að ég hef átt sterkan vitnisburð um hið endurreista fagnaðarerindi, þá veit ég að, sama hve langt ég er í burtu, þá get ég samt upplifað mig sem hluta af endurreisninni, að ég er ekki einsömul."

Það er hún ekki. Ungt fullorðið fólk um allan heim tekur þátt í endurreisninni með musterisþjónustu, ættarsögu og trúboðsstarfi. Með þeim skilningi sem við hljótum um persónulega opinberun af því að læra um Fyrstu sýn Josephs Smith og endurreisnina, getum við öll haldið áfram að leitast við að þekkja vilja Guðs og hvaða hlutverk okkur beri að inna af hendi í hinni yfirstandandi endurreisn.

Ungt fullorðið fólk leiðir kirkjuna

Við erum kannski ungt fullorðið fólk, en við getum verið leiðtogar í kirkjunni núna. Þótt Jönka Toronyi frá Györ, Ungverjalandi, sé eini meðlimur kirkjunnar í fjölskyldu hennar, þá finnur hún styrk frá þátttöku annars ungs fólks í kirkjunni á öðrum sviðum endurreisnarinnar: „Margir vina minna hafa farið í trúboð og það hefur verið svo gaman að fylgjast með ferli þeirra og síðan snúa þau aftur heim og hafa vaxið svo mikið af reynslu sinni. Það er stórkostleg upplifun fyrir okkur öll. Það er líka alltaf stórkostlegt að sjá vini mína, unga fullorðna fólkið, þjóna í köllunum sínum og stundum líka í sjálfskapandi tækifærum, eins og sjálfboðaliðar sem ráðgjafar í ráðstefnum FSY (Til styrktar æskunni). Mér finnst eins og að endurreisnin snúist ekki alltaf um að kenna fólki fagnaðarerindið – heldur að styrkja þá meðlimi sem við þegar höfum."

Unga fólkið í Ungverjalandi skilur að það er

Endurreisnin snýst um að styrkja meðlimina sem við þegar höfum.

JANKA TORONYI,
24 ÁRA, UNGVERJALANDI

Hvað mig varðar þá snýst endurreisnin um að aðstoða framtíðarkynslóðir við að skilja hvað fagnaðarerindið snýst um og hvernig það getur liðsinnt þeim og öðrum í lífi þeirra.

STEFANY JOSEPH,
28 ÁRA, ÁSTRALÍU

framtíðarleiðtogar kirkjunnar. „Það er þörf fyrir okkur og við þurfum að rísa undir þessu verki, sem er stundum yfirþyrmandi," viðurkennir Janka. „Drottinn er að hraða verkinu og við erum hluti af því. Stundum hugsum við: ‚Hvernig á ég að fara að þessu?' Það er hins vegar gott að sjá að leiðtogar okkar hafa svo mikla trú á okkur. Það er hvetjandi fyrir þá sem elska kirkjuna og hafa sterkan vitnisburð, því við vitum að sá dagur kemur að við verðum gjörð ábyrg. Við verðum að taka ábyrgð á okkar eigin andlegu framþróun."

Sean og Stefany Joseph, frá Vestur-Ástralíu, taka þátt í endurreisninni með því að leiðbeina unglingunum í deild þeirra. „Hvað mig varðar, þá snýst endurreisnin um að aðstoða framtíðarkynslóðir við að skilja hvað fagnaðarerindið snýst um og hvernig það getur liðsinnt þeim og öðrum í lífi þeirra," segir Stefany. „Við getum veitt aðstoð við að byggja sterkari grunn fyrir kirkjuna í landi okkar seinna meir."

„Við viljum aðstoða unglingana við að öðlast vitnisburð um Mormónsbók og Joseph Smith og gera sér grein fyrir því að þau eru raunverulega börn Guðs," útskýrir Sean. „Við viljum ekki að það sé bara eitthvað sem þau sungu í Barnafélaginu – við viljum að þau viti raunverulega að það sé sannleikur."

Það er ekki alltaf auðvelt fyrir Vennela að lifa eftir fagnaðarerindinu í Indlandi, en hún veit að styrkur unga fullorðna fólksins í kirkjunni þar mun innblása aðra og aðstoða við ferli endurreisnarinnar. „Allt unga fullorðna fólkið hér er mjög trúfast. Þau leita tækifæra til að miðla vitnisburðum sínum," segir hún. „Við erum nokkurs konar frumkvöðlar í Indlandi. Við flytjum frá ólíkum stöðum og sum okkar yfirgefa líka fjölskyldur sínar. Lífið hér getur verið áskorun, en við veljum samt að lifa samkvæmt fagnaðarerindinu. Ritningarnar veita mér mikla von, styrk og hugrekki."

Við getum, sem ungt fullorðið fólk, haldið áfram að hafa sterk áhrif á hina yfirstandandi endurreisn með trú okkar og skuldbindingu við fagnaðarerindið, sama hvar við erum.

Framtíð kirkjunnar: Hún byggir á okkur

Við erum framtíð kirkjunnar. Við erum í lokabaráttunni. Himneskur faðir reiðir sig á að við hjálpum honum við verk hans – hið eilífa lífsumbreytandi verk hans. Hann veit að við erum nægilega sterk til að sækja fram og berjast gegn hverju því sem andstæðingurinn hefur uppi í erminni. Satan er einnig að verða örvæntingarfullur. Hann veit að hann berst tapaðri orrustu, því verk Drottins mun sigra.

„Við vitum að Drottinn er að hraða verkinu og enginn getur stöðvað það," segir Janka. „Við vitum að þetta mun gerast, sama hvað. Við verðum hins vegar að ákveða hvort við ætlum að taka þátt í þessu verki og styðja framrás þess eða fylgjast með á hliðarlínunni. Við höfum sjálfræðið til að taka þátt í því og við eigum vitnisburðinn til að velja hið rétta og velja að fylgja Kristi. Við verðum að taka þátt."

Það er því okkar að ákveða hverjum við stöndum með.

Það er okkar að ákveða að vera hugrökk og standa á sannfæringu okkar.

Það er okkar að leita persónulegrar opinberunar fyrir líf okkar.

Það er okkar að leyfa þeim erfiðu áskorunum sem við tökumst á við, að styrkja trú okkar á frelsarann.

Það er okkar að fylgja honum og gera allt sem í okkar valdi stendur að leiða aðra til hans.

Það er okkar að standast allt til enda, eins vel og við getum.

Við erum sannlega á síðustu dögunum. Að leiða kirkjuna í því sem Nelson forseti kallar „mest knýjandi ráðstöfun í sögu heimsins,"[2] hljómar eins og ógnvekjandi ábyrgð. Hugsið samt aðeins um þetta – himneskur faðir treysti okkur nægilega og geymdi okkur til að vera á þessari jörðu á nákvæmlega þessum tíma, tíma þar sem við stöndum frammi fyrir óteljandi freistingum, truflunum og fjölda andstæðra skoðana.

Með því að senda okkur hingað á mikilvægustu ráðstöfuninni, var himneskur faðir ekki að stilla okkur upp til að mistakast. Hann þekkir möguleika okkar, styrk okkar, hugrekki og það sem skiptir mestu og veit að við getum skipt sköpum í endurreisn kirkjunnar, burt séð frá aldri okkar eða hjúskaparstöðu. Hver gæti mögulega haft sigur gegn okkur, sama hve vonlausir erfiðleikar okkar eru eða hve ómögulegt það kann að virðast að leiða og miðla fagnaðarerindinu um alla jörðina, ef hann er við hlið okkar? Hann mun hjálpa okkur að koma hinu ómögulega til leiðar. ■

HEIMILDIR

1. Russell M. Nelson, "Stand as True Millennials," *Liahona,* okt. 2016, 48.
2. Russell M. Nelson, "Stand as True Millennials," *Liahona,* okt. 2016, 46.

Þið getið fundið fleiri sögur um ungt fullorðið fólk allstaðar að úr heiminum, sem tekur þátt í endurreisninni í stafrænu greininni „Finna gleði í verki Drottins."

UNGLINGAR

Ég snérist til trúar á kirkjuna.

Eitt af því sem fyrst höfðaði til mín var ungmennastarfið. Ég nýt þess jafnvel enn að verja tíma með kirkjuvinum, sem skemmta sér á góðan og upplyftandi hátt. Ég ný þess einkum að fara með þeim í hverri viku í Suva-musterið á Fijieyjum.

Á Fijieyjum er þrýstingur mikill meðal jafnaldra. Verslanir biðja oft ekki um auðkenni til áfengis- og tóbakskaupa og álíka. Unglingar geta alltaf keypt þetta. Það getur verið erfitt að velja hið rétta.

Eitt af því sem heldur mér við efnið, eru yngri systkini mín. Ég er elst, svo ég hugsa um þau í hvert sinn sem ég freistast til að gera eitthvað rangt. Ég vil ekki að þau taki einhverjar slæmar ákvarðanir, vegna þess að þau sáu mig gera það fyrst. Áður en mamma dó, tók hún af mér loforð að gæta systkina minna og vera ætíð til staðar fyrir þau.

Fram til þessa er ég sú eina af systkinum mínum sem er meðlimur kirkjunnar. Ég bið þó daglega fyrir þeim. Ég þakka himneskum föður fyrir að gefa þeim einn dag í viðbót og bið þess að þau hljóti þekkingu á fagnaðarerindi hans. Þau halda mér við efnið.

Mikayla J., 17 ára, Fijieyjum

LJÓSMYNDUN EFTIR LESLIE NILSSON

Í ÞESSUM HLUTA

52 **Efla trú ykkar fyrir tilstilli Fyrstu sýnarinnar**
Öldungur Neil L. Andersen

56 **Leigubíll, skólastrákur og bænarsvar**
Eftir Sydney Chime Ihunwo

58 **Hljóta trú eitt skref í senn**
Öldungur Edward Dube

62 **Spurningar og svör: Fyrsta sýnin og Mormónsbók**

64 **Fjórar myndir frá páskaviku**

Öldungur
Neil L. Andersen
í Tólfpostulasveitinni

EFLA TRÚ YKKAR FYRIR TILSTILLI FYRSTU SÝNARINNAR

ÞEGAR ÉG VAR 16 ÁRA, ferðaðist ég frá heimili mínu í Idaho til austurstrandar Bandaríkjanna, á ráðstefnu sem haldin var fyrir pilta og stúlkur frá 50 fylkjum og um 40 þjóðum. Ég hafði varla áður lent í aðstæðum þar sem trú mín og sannfæring aðskildi mig frá öðrum.

Kvöld eitt í óformlegri hópumræðu var rætt um einhver trúarleg atriði og iðkanir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Fjölmennur nemendahópur snéri sé skyndilega að mér og tóku að spyrja spurninga, sem sumar voru mikilvægar trú okkar.

Þetta koma mér í opna skjöldu. Eftir augnabliks umhugsun, tókst mér þó að nefna einhverjar trúarlegar grundvallarreglur. Ég útskýrði að við ættum himneskan föður, að við værum synir hans og dætur og að við værum á jörðu til að þróa trú á Jesú Krist og verða reynd með því að velja gott fram yfir illt.

Að miðla þessum reglum, leiddi mig að vitnisburði Josephs Smith. Hinir nemendurnir höfðu ekki spurt um Joseph Smith, en ég fann mig knúinn til að segja frá upphaflegri ástæðu trúar minnar. Þegar ég sagði frá birtingu föðurins og sonarins í Lundinum helga, urðu allir skyndilega hljóðir. Sterk tilfinning heilagleika fyllti herbergið og mikill andlegur kraftur hvíldi yfir mér og fylgdi orðum mínum.

Að þessu loknu, þökkuðu nokkrir nemendur mér fyrir sterka sannfæringu mína. Sumir báðu jafnvel um frekari upplýsingar um kirkjuna. Þegar ég hafði snúið til herbergis míns um kvöldið, varð mér ljóst að þessi upplifun hafði haft mestu áhrifin á mig sjálfan. Ég hafði sjálfur fundið kraft þess að bera vitni um Guð föðurinn, Jesú Krist og Fyrstu sýnina.

Frá þessari upplifun, fyrir 50 árum, hef ég ótal sinnum borið vitni um föðurinn, soninn og spámanninn Joseph Smith. Ég hef alltaf fundið staðfestandi vitni heilags anda í þeim upplifunum.

Ég ætlað að greina frá fimm reglum sem mér hefur lærst af andlegum skilningi mínum á Fyrstu sýninni. Þessar reglur hafa styrkt trú mína á himneskan föður og hans ástkæra son og þrá mína til að fylgja þeim. Ég vona að þær efli ykkur líka þrótt.

MYNDSKREYTING EFTIR DAVID MALAN



Ég bið þess að þið fylgið bœnarforskrift Josephs, lærið sannleikann sem hann lærði og eflið trú ykkar á himneskan föður og son hans, Jesú Krist.

VIÐ LÆRUM AF FYRSTU SÝNINNI AÐ ÞESSAR HIMNESKU VERUR ÞEKKJA OKKUR PERSÓNULEGA, Á SAMA HÁTT OG ÞÆR ÞEKKTU JOSEPH.

1. Faðirinn, sonurinn og heilagur andi eru aðskildar verur

Fræðimenn og heimspekingar höfðu um aldir átt í deilum um eðli Guðs föðurins, Jesú Krists og heilags anda. Margir trúðu að þeir væru ein vera. Við þekkjum, sökum reynslu Josephs Smith í Lundinum helga fyrir 200 árum, hinn algilda sannleika um eðli Guðs.

Í fyrsta lagi, þá lifir hann! Í öðru lagi, þá eru faðirinn og sonurinn tvær aðskildar, dýrðlegar, upprisnar verur, með sín sér einkenni. Joseph lærði síðar að „heilagur andi hefur ekki líkama af holdi og beinum, heldur er hann andavera. Væri ekki svo, gæti heilagur andi ekki dvalið í okkur“ (Kenning og sáttmálar 130:22).

2. Við erum synir og dætur Guðs

Joseph Smith lærði, af Fyrstu sýninni og öðrum upplifunum, að Guð væri ekki einhver fjarlægur kraftur, sem hafði skapað heiminn og íbúa hans og síðan látið hann afskiptalausan. Sérhvert okkar er í raun „ástkær dóttir [eða sonur] himneskra foreldra“[1]

Yfirlýsingin um fjölskylduna segir: „Allar mannlegar verur – karlar og konur – eru skapaðar í mynd Guðs. Hver þeirra er ástkær andasonur eða dóttir himneskra foreldra, og sem slík á sérhvert þeirra guðlegt eðli og örlög.“[2] Faðir okkar á himnum hefur skorinort lýst yfir þeim örlögum: „Því að sjá. Þetta er verk mitt og dýrð mín – að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika“ (HDP Móse 1:39).

Við erum auðkennd Guði og erum hér á jörðu til að verða líkari honum. Þessi skilningur á Fyrstu sýninni gerði mér sem pilti kleift að vita að ég ætti mér föður á himnum, sem elskaði mig og vildi að ég kæmi aftur til hans.

3. Við getum hlotið fyrirgefningu synda okkar

Eitt af því sem hrjáði Joseph mjög, var þrá hans eftir fyrirgefningu synda sinna. Í einni frásögn um Fyrstu sýnina, ávarpar Drottinn hinn unga leitanda sannleikans þessum orðum: „Joseph, sonur minn, syndir þínar eru þér fyrirgefnar. Far þína leið, gakk í lögmáli mínu og hald boðorð mín. Sjá, ég er Drottinn dýrðar. Ég var krossfestur fyrir heiminn, svo allir sem á nafn mitt trúa megi öðlast eilíft líf.“[3]

Joseph lærði að hann gæti hlotið fyrirgefningu synda, fyrir tilverknað

MYNDSKREYTING EFTIR KENDALL RAY JOHNSON

friðþægingar Jesú Krists, og orðið hreinn og flekklaus frammi fyrir Guði. Honum var veitt örugg vitneskja um að Jesús Kristur tók á sig sjálfan syndir og byrðar allra sem hafa lifað og munu lifa á jörðu.

Við lærum af Fyrstu sýninni að við getum líka hlotið fyrirgefningu synda, sökum náðar frelsara okkar, Jesú Krists og dag einn staðið hrein frammi fyrir föðurnum.

4. Himneskur faðir heyrir bænir okkar og svarar þeim

Í lundinum þennan dag 1820, lærði Joseph að himneskur faðir heyrir bænir og svarar þeim. Joseph sagði síðar: „Ég var sannfærður um, að ég ætti eftir að fá guðdómlega vitrun, eins og ég hafði áður fengið" (Joseph Smith – Saga 1:29). Af fordæmi hans má læra að við getum komið til himnesks föður í bæn, til að hljóta svör fyrir okkur sjálf.

Joseph endurtók ótal sinnum þessa bænarforskrift. Hann var sannfærður um að Drottinn mundi heyra bænir hans og svara þeim. Hann bað um það sem þið hafið líklega sjálf beðið um.

Hann bað um visku (sjá Joseph Smith – Saga 1:12–13).

Hann bað varðandi skírn (sjá Joseph Smith – Saga 1:68).

Hann bað um björgun (sjá Kenning og sáttmálar 121:1–4).

Hann bað fyrir trúboðunum (sjá Kenning og sáttmálar 109: 22).

Hann bað fyrir kirkjunni, meðlimum hennar og leiðtogum (sjá Kenning og sáttmálar 109:71–76).

Hann bað fyrir fjölskyldu sinni (sjá Kenning og sáttmálar 109: 68–69).

Þetta er okkur til eftirbreytni. Joseph sýndi að við getum öll farið til himnesks föður í bæn.

5. Faðirinn og sonurinn þekkja okkur persónulega

Við lærum af Fyrstu sýninni að þessar himnesku verur þekkja okkur persónulega, á sama hátt og þær þekktu Joseph. Faðirinn nefndi Joseph með nafni „benti á hina" og sagði: *„Þetta er minn elskaði sonur. Hlýð þú á hann!"* (Joseph Smith – Saga 1:17).

Faðirinn og sonurinn þekktu þarfir, áhyggjur og þrár Josephs, á sama hátt og þeir þekkja okkar. Þeir þekkja líka sigra okkar og sorgir.

Þegar ég var unglingur, bað ég um ótal margt. Þegar ég horfi aftur núna, virðist sumt af því ekki svo mikilvægt. Það var mér þó mikilvægt á þeim tíma og ég skildi frá unga aldri að ég ætti föður á himnum, sem hlustaði á mig. Ég hlaut ekki alltaf svar um hæl, en mér fannst að hann myndi svara bænarkvaki mínu á hans tíma og á hans hátt, sem var sniðið að mínum þörfum.

Verið viss um og treystið því að Guð muni tala til ykkar. Trúið þeim tilfinningum sem vakna djúpt í hjarta ykkar. Ég hlaut trú á bænina og skil mátt hennar, því ég hafði vitneskju um upplifanir spámannsins Josephs Smith. Ég vissi að Guð þekkti mig með nafni og að hann myndi svara mér, á sama hátt og hann þekkir ykkur með nafni og mun svara bænum ykkar.

Vitnisburður

Ótal sinnum á hinum 68 árum sem ég hef lifað á jörðu, hef ég látið reyna á bænarforskrift Josephs. Ég hef líka, líkt og allir sannir lærisveinar frelsarans, hlotið svör frá himnum. Ég veit að Jesús er Kristur. Hann er sonur Guðs. Hann var reistur upp og lifir í dag. Hann hefur mátt til að fyrirgefa syndir okkar. Hann getur, fyrir trú, hlýðni og iðrun okkar, leitt okkur aftur til okkar himnesku heimkynna.

Ég ber vitni, sem postuli Drottins Jesú Krists og sem vígt vitni hans, af fullvissu og sannfæringu frá heilögum anda, um að faðirinn og sonurinn birtust Joseph Smith í Lundinum helga. Ég bið þess að þið fylgið bænarforskrift Josephs, lærið sannleikann sem hann lærði og eflið trú ykkar á himneskan föður og son hans, Jesú Krist. ■

HEIMILDIR

1. „Þema Stúlknafélagsins," churchofjesuschrist.org/study/general-conference/2019/10/33cordon?lang=isl.
2. „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins," https://www.lds.org/bc/content/shared/content/icelandic/pdf/language-materials/35602_isl.pdf?lang=isl
3. „Joseph Smith's Accounts of the First Vision," josephsmithpapers.org.

LEIGUBÍLL, SKÓLASTRÁKUR, og BÆNARSVAR

Við höfðum fengið hugboð um að við myndum finna hann, svo afhverju gekk það ekki upp?

MYNDSKREYTING EFTIR COREY EGBERT

Eftir Sydney Chime Ihunwo

Dag einn var mér og félaga mínum gefin tilvísun til að kenna manni sem bjó í þorpi sem kallaðist Tema, nærri hinni fallegu borg, Accra í Gana. Húsnúmerin í þorpinu voru ekki mjög nákvæm svo við fengum skriflega lýsingu okkur til hjálpar við að finna húsið.

Þegar við komum í þorpið fylgdum við leiðbeiningunum en gátum ekki fundið manninn, því lýsingin virtist geta átt við um mörg húsanna. Ráðvilltir ákváðum við að banka á dyr í hverfinu til að spyrja vegar, en enginn virtist kannast við manninn sem við leituðum að. Mér fannst ég knúinn til að biðja himneskan föður hjálpar.

Eftir bæn okkar, hafði ég þá tilfinningu að við myndum finna manninn sem við leituðum að, svo við lögðum okkur enn ákafar fram. Samt fundum við hann ekki. Við vorum orðnir þreyttir og ákváðum að snúa aftur á trúboðssvæðið okkar, því þar áttum við stefnumót. Þegar við komum á leigubílastæðið sá leigubílstjórinn, sem hafði keyrt okkur þangað, vonbrigðissvip okkar og spurði hvort við hefðum fundið þann sem við leituðum að. Svar okkar var að sjálfsögðu, nei.

Hann lagði til að við færum inn í skóla sem stóð á horninu og spyrðumst þar fyrir. Við sögðum það ekki vera samkvæmt lýsingunni sem við höfðum, en hann lagði fast að okkur að gera það. Við fórum úr leigubílnum og héldum að skólanum – ekki vegna þess að við töldum okkur finna einhvern, heldur einungis til að gleðja áhyggjufullan vin okkar.

Er við hófum göngu okkar að aðalbyggingu skólans, kom lítill drengur hlaupandi í átt að okkur. Hann brosti og sagði okkur að hann og bróðir hans væru einu meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu sem ættu heima á svæðinu og að hann gæti hjálpað okkur.

Ég og félagi minn horfðum forviða hvor á annan. Þetta var kraftaverk. Drengurinn hjálpaði okkur að finna manninn sem við leituðum að og hann meðtók svo síðar fagnaðarerindið og var skírður.

Þessi reynsla kenndi mér að himneskur faðir svarar bænum á sínum tíma og á sinn hátt. Þegar við hljótum ekki svörin við bænum okkar samstundis, getum við iðkað trú á hann og lært þolinmæði. ■

Höfundurinn býr í Rivers State, Nígeríu.

Öldungur Edward Dube
af hinum Sjötíu

Hljóta trú

eitt skref í senn

MYNDSKREYTING EFTIR GREG NEWBOLD

Að hljóta vitnisburð, tekur tíma. Til þess þarf oft margar smærri upplifanir.

Ein mest upplýsandi stund lífs míns gerðist þegar ég var 10 ára og varði tveimur vikum til þess að læra kenningu kaþólikka í Loreto Roman trúboði kaþólikka, um 32 kílómetrum frá afskekktu heimili mínu í Silobela, Simbabve. Mér hefur lærst að þekkja og elska frelsarann, Jesú Krist, og einblína á Drottin, sökum minna fyrri lexía og hughrifa.

Þegar ég var í kaþólsku kapellunni, sá ég veggmálverk af viðburðum úr lífi frelsarans: Fæðingu Jesú Krists, kennslu hans í musterinu, bænagjörð hans í Getsemane, krossburði hans að Golgata, krossfestingu hans á Golgata og upprisu hans. Ég varð í raun sorgmæddur að sjá naglana og þyrnana. Þegar ég kom að málverkinu af krossfestingunni, voru augu mín fyllt tárum. Í hvert sinn grét ég og sagði: „Hann hefur virkilega þolað mikið bara fyrir mig."

Í fermingarathöfninni horfði einn presturinn í augu mín og sagði: „Þú ert ljós heimsins" (sjá Matteus 5:14). Hann benti síðan á logandi kerti og vitnaði í orð frelsarans: „Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna, að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum" (Matteus 5:16).

Þegar ég lærði meira um Jesú, vaknaði hjá mér þrá til að þjóna öðrum. Við þurftum t.d. að fara 8 km frá þorpinu okkar til að sækja neysluvatnið. Oft þurftu konur í þorpinu, líka móðir mín, að bera 20 lítra ílát á höfði sér þessa leið, fyllt vatni. Eftir upplifun mína í kaþólska skólanum, ýtti ég oft á undan mér 200 lítra gámi fylltum vatni, til að hjálpa móður minni, og ég hjálpaði líka tveimur nágrannaekkjum. Ég minnist hinna góðu tilfinninga sem vöknuðu í hvert sinn sem ég hjálpaði öðrum.

Þessar upplifanir hjálpuðu mér að þróa með mér trú á himneskan föður og Jesú Krist og bjuggu mig óbeint undir að taka á móti fagnaðarerindi Jesú Krists, við 22ja ára aldur.

GJÖF MORMÓNSBÓKAR

Ég ólst upp á tímabili breytinga í landi mínu. Hvíti minnihlutinn, sem Ian Smith var í forsvari fyrir, lýsti yfir sjálfstæði frá Bretlandi árið 1965. Það leiddi til refsiaðgerða Sameinuðu þjóðanna og varð upphafið að borgarastyrjöld sem varði til 1980, er markaði sjálfstæði Simbabve. Þegar ég lauk skólanum, flutti ég til borgar til að vinna og sótti enga kirkju í nokkur ár.

Dag einn var ég að leika við syni yfirmanns míns, sem voru sjö og níu ára gamlir. Þeir sögðu: „Veistu að faðir okkar er greinarforseti í kirkjunni okkar." Þeir útskýrðu hvað greinarforseti væri og ég sagði hugsunarlaust: „Faðir ykkar mun ekki fara til himins." Ég áttaði mig á að mér hafði orðið hræðilega á í messunni og hugsaði af örvæntingu hvað ég gæti sagt til að fá þá til að gleyma þessari athugasemd minni. Þegar þeir sáu föður sinn í lok dags, hlupu þeir að honum og

endurtóku það sem ég hafði sagt. Ég hélt að ég yrði rekinn.

Yfirmaður minn hafði nokkru áður sýnt mér jakka frá tíma hans í hernum, sem bar þess merki að hann hefði drepið menn. Það var ástæða þessara orða minna. Hann spurði af mikilli yfirvegun af hverju ég hefði sagt þetta. Ég sagði: „Herra, manstu að þú sagðir mér að þú hefðir drepið menn í stríðinu? Í Biblíunni segir: ‚Þú skalt ekki morð fremja.'"

Hann spurði í hvaða kirkju ég væri. Ég sagðist áður hafa sótt kaþólsku kirkjuna, en hefði ekki farið í kirkju í sjö ár. Hann sagði frá atvikum í Gamla testamentinu um stríð og hernaðarátök og gaf mér síðan eintak af Mormónsbók. Ég var svo ánægður að hafa ekki misst vinnuna.

Hann gaf mér Mormónsbók árið 1981, en ég hvorki las hana, né opnaði í tvö ár. Sunnudag einn leiddist mér þegar vinir mínir fóru úr borginni, svo ég tók upp bókina og fór á járnbrautastöð þar nærri til að lesa hana. Við lesturinn þennan dag, fann ég hvatningu til að láta gott af mér leiða, en það sem virkilega hreif við mér þegar leið á lesturinn, var 3. Nefí 11. Ég las um Nefítana, sem höfðu lifað af stríð og umrót og síðan er frelsarinn, Jesús Kristur, birtist þeim.

Landið mitt hafði tekist á við eigið stríð í 15 ár. Sumir þeir sem ég ólst upp með í þorpinu mínu, höfðu farið í stríðið og ekki komist lífs af. Aðrir voru örkumla fyrir lífstíð.

Þegar ég las um Nefítana, fannst mér sem frelsarinn Jesús Kristur, væri að tala til mín þegar hann sagði: „Rísið á fætur og komið til mín, svo að þér getið þrýst höndum yðar á síðu mína og einnig fundið naglaförin á höndum mínum og fótum, svo að þér megið vita, að ég er Guð Ísraels og Guð allrar jarðarinnar og hef verið deyddur fyrir syndir heimsins" (3, Nefí 11:14).

Mér fannst sem hann ætti persónuleg samskipti við mig sjálfan, bjóðandi mér að koma til sín. Ég áttaði mig á að ég gæti gert þetta. Þetta breytti öllu.

GJÖF VITNISBURÐAR

Það tók nokkra mánuði að öðlast hugrekki til að fara í kirkju. Ég vissi hvar kirkjan var, en það voru engir trúboðar í litlu greininni okkar. Í febrúar 1984 gekk ég inn í Kwekwe kapelluna. Ég vildi ganga út aftur. Ég vissi ekki hvort þetta væri fyrir mig, svo ég settist aftast, viðbúinn því að hlaupa út. Að lokinni inngangsathöfn, gaf Mike Allen, greinarforseti, vitnisburð sinn um frelsarann, Jesú Krist og Mormónsbók. Ég fann tengingu. Sá næsti í röðinni bar einnig vitni um frelsarann og Mormónsbók og einnig sá þriðji. Ég varð alsæll. Ég hafði ekki kjark til að fara upp í ræðustólinn, svo ég stóð bara upp þar sem ég sat og sagði: „Ég elska Jesú. Ég er að lesa Mormónsbók." Ég settist síðan aftur. Þetta var upphafið að vitnisburði mínum.

Mér hefur lærst að það er ferli að vera lærisveinn og að við þurfum að sækja fram.

Þessir vitnisburðir voru leið Drottins til að liðsinna mér, því þeir hjálpuðu mér að finna að ég ætti heima þarna. Mér fannst þetta vera bræður mínir og systur. Á komandi dögum bað ég fyrir þeim og að vel yrði tekið á móti mér. Ég hitti meðlimi sem voru afar vingjarnlegir og hjálpsamir.

Heilmikið gerðist þegar ég gekk inn í kapelluna þennan dag. Ég velti fyrir mér hvernig staðan væri, ef þessir meðlimir hefðu ekki gefið vitnisburði sína. Við vitum aldrei hvort einhver gæti átt í erfiðleikum. Þegar við stöndum upp og segjum það sem í okkur býr, gæti það verið nákvæmlega það sem einhver þarf að heyra.

Gefið vitnisburði ykkar oft. Þegar þið gerið það, styrkist þið sjálf og aðrir umhverfis. Lifið samkvæmt vitneskju ykkar. Þegar þið fylgið leiðsögn Mormónsbókar, munuð þið finna aukna nálægð frelsarans.

SÆKIST EFTIR NÁLÆGÐ FRELSARANS.

Sá tími sem ég varði í Loreto Roman trúboði kaþólikka, var upphafið að því að verða lærisveinn frelsarans, Jesú Krists. Frá þeim tíma hefur mér lærst að það er ferli að vera lærisveinn og að við þurfum að sækja fram, burt séð frá veikleikum og vanmætti okkar. Þegar við tökum á móti þessu boði: „Verið þér því fullkomnir, eins og faðir yðar himneskur er fullkominn“ (Matteus 5:48), munum við þróast í átt að eilífu lífi, „orð á orð ofan og setning á setning ofan“ (sjá Kenning og sáttmálar 98:12).

Við vitum að vegurinn verður ekki alltaf greiðfær og að við munum upplifa sorg og sársauka á leið okkar, en að treysta Drottni er eina leiðin til að finna frið í þessu lífi.

Friðþæging frelsarans, Jesú Krists, er mér óendanlega mikilvæg. Ég veit að frelsarinn er að liðsinna okkur. Við þurfum að líta til hans, fylgja honum og lyfta öðrum, eins og hann liðsinnir og lyftir okkur. ■

Hvað segið þið þegar vinir ykkar trúa ekki að atburðir eins og Fyrsta sýnin geti gerst?

„Fyrir tilstilli persónulegrar opinberunar, getið þið sjálf hlotið staðfestingu á því að Mormónsbók sé orð Guðs, að Joseph Smith sé spámaður og að þetta sé kirkja Drottins. Burt séð frá því hvað aðrir gætu eða gætu ekki sagt, þá getur engin afmáð staðfestingu sannleika sem á rætur í hjarta og huga.“

Russell M. Nelson, „Opinberun fyrir kirkjuna, opinberun fyrir eigið líf,“ *aðalráðstefna,* apríl 2018.

Þróa trú

Þegar um er að ræða andlegar spurningar, þá er ekki nóg að vera bara rökfastur, heldur þurfum við líka að hafa trú til að vita að Fyrsta sýnin gæti raunverulega gerst. Við getum þróað með okkur slíka trú með því að spyrja himneskan föður og hlusta svo eftir andanum.

Julia B., 17 ára, Kaliforníu, Bandaríkjunum

Læra Biblíuna

Biðjið vini ykkar að læra Biblíuna. Ef þeir trúa því að hún sé orð Guðs, þá ættu þeir að trúa að Guð tali til okkar í dag með opinberunum, eins og í Fyrstu sýninni, því hann gerði slíkt hið sama við Adam, Móse, Jesaja og aðra spámenn á ýmsan hátt.

Öldungur Muanda, 22 ára, Nairóbí trúboðinu í Kenía

Spyrja Guð

Sú staðreynd að fráhvarfið hafi staðið yfir í hundruð ára þýðir ekki að Guð hafi látið af vitrunum sínum. Við þurfum að hafa auðmjúkt hjarta og biðja Guð með einbeittum huga og af hjartans einlægni, á sama hátt og Joseph Smith gerði.

Jeremi E., 19 ára, Kinshasa, Austur-Kongó

Trúa á Guð

Ég spurði vini mína: „Trúið þið á Guð? Trúið þið að hann hafi skapað alla hluti? Trúið þið að hann hafi birst spámönnum til forna? Ef þið gerið það, af hverju trúið þið þá ekki að það geti gerst í dag? Það er mögulegt.“

Sarah M., 16 ára, Utah, Bandaríkjunum

Gefa vitnisburð sinn

Ég gef vinum mínum vitnisburð minn um að himneskur faðir opinberi börnum sínum hluti þegar þau biðja hann af einlægu hjarta um að fá að vita sannleikann. Joseph Smith þráði að þekkja sannleikann og breytti samkvæmt trú sinni. Þið getið einnig hlotið dásamlega upplifun, ef þið biðjið himneskan föður í bæn, af öllu hjarta.

Mara C., 20 ára, Líma, Perú

LJÓSMYND FRÁ GETTY IMAGES

Svartexti kann að verða styttur eða lagaður til. Útgefin svör eru til hjálpar og til að fá yfirsýn en eru ekki opinberar yfirlýsingar um kenningar kirkjunnar.

Hvað finnst ykkur?

„Ég á erfitt með að lynda við foreldra mína. Hvernig get ég bætt samband okkar?“

Sendið svörin ykkar og, ef þið óskið, ljósmynd af ykkur í hárri upplausn, fyrir 15. maí 2020, á liahona.ChurchofJesusChrist.org (smellið á „Submit an Article or Feedback“). Sendið svör ykkar í netpósti á liahona.ChurchofJesusChrist.org.

Hvernig þýddi Joseph Smith Mormónsbók?

Áður en Moróni, síðasti spámaður Mormónsbókar, faldi gulltöflurnar, ritaði hann á titilsíðu bókarinnar að bókin yrði þýdd „fyrir gjöf og kraft Guðs.“ Þetta er besta lýsingin á þýðingu Mormónsbókar.

Joseph Smith las upp þýðingartextann fyrir ritara, sem oftast var Oliver Cowdery. Joseph þurfti að reiða sig á Drottin, því hann var að þýða algjörlega ókunnugt tungumál. Drottinn hjálpaði Joseph til að mynda með því að sjá honum fyrir sérstökum þýðingartækjum. Vitni sögðu að þegar Joseph horfði í þessi tæki hefðu orð birst honum á ensku. Þýðingartæki þetta var „útleggjararnir“ eða Úrím og Túmmím – tveir glærir steinar festir í málmumgjörð, svo Joseph gæti horft í gegnum þá. Joseph hafði fengið það í hendur, ásamt töflunum. Annað tæki sem Joseph notaði var „sjáandasteinn“ sem hann horfði á, oft með því að setja hann ofan í hatt. Joseph hafði áður fundið þennan stein og notað hann til að finna týnda eða glataða hluti. Hann notaði bæði útleggjarana og sjáandasteininn við þýðinguna, en reiddi sig ávallt á innblástur himins.

Þýðing Mormónsbókar var sannlega undursamleg og gerð „fyrir gjöf og kraft Guðs.“

Til að fá frekari upplýsingar um þýðingu Mormónsbókar, sjá þá „Þýða, þýðing“ á churchofjesuschrist.org/study/scriptures/gs/translate?lang=isl eða í trúarefni smáforritsins Gospel Library.

Fjórar myndir frá
PÁSKAVIKU

TEIKNING AF ÞYRNIKÓRÓNU, EFTIR DILLEEN MARSH

Þyrnikóróna

Sjá Matteus 27:29; Markús 15:17; Jóhannes 19:2.

Rómversku hermennirnir settu þyrnikórónu á höfuð frelsarans. „Ef til vill var þessum grimmilega gjörningi ætlað að vera stæling á því þegar keisari er krýndur með lárviðarsveig. . . . Hve átakanlegt þetta var, þegar haft er í huga að þyrnar eru táknrænir fyrir vanþóknun Guðs, er hann, Adams vegna, lagði þá bölvun á jörðina að hún leiddi fram þyrna. Jesús snéri þó tákni þyrnanna upp í tákn eigin dýrðar, með því að bera þessa kórónu“ (James E. Faust forseti, aðalráðstefna, apríl 1991).

„Mitt ríki er ekki af þessum heimi“ (Jóhannes 18:36).

KRISTUR OG PÍLATUS, EFTIR MARCUS VINCENT, BIRT MEÐ LEYFI CHURCH HISTORY MUSEUM

Skarlatsrauð kápa

Sjá Matteus 27:28; Markús 15:17; Jóhannes 19:2.

Skarlatsrauður var konunglegur litur og hermennirnir settu þessa kápu háðungslega yfir Jesú, því hann hafði sagst vera konungur Gyðinga. Í raun er hann auðvitað miklu meira en það – hann er „konungur konunganna og Drottinn drottnanna“ (1. Tímoteusarbréfið 6:15; Opinberunarbókin 19:16).

„Blóð drýpur úr hverri svitaholu, svo mikil verður angist hans“ (Mósía 3:7).

Ólífupressa

Sjá Matteus 26:36; Markús 14:32; Lúkas 22:39–40; Jóhannes 18:1.

„Það er átakanlega táknrænt að það var í Getsemane sem Jesús þjáðist, á stað ólífupressunnar, svo að ‚blóð draup úr hverri svitaholu' [Mósía 3:7]. Á tímum frelsarans var ólífuolía búin til með því að merja fyrst ólífurnar undir stórum veltandi steini. Þannig varð til ‚mauk' sem sett var í deigar gróffléttaðar körfur, sem staflað var ofan á hver aðra. Þunginn pressaði út fyrstu og bestu olíuna. Stór og þungur bjálki var síðan settur ofan á körfurnar til að ná fram meiri olíu. Steinum var loks staflað ofan á bjálkann, til að ná fram mestri mögulegri pressu og kreista fram síðustu dropana. Já, benda má á að olían er blóðrauð þegar hún fyrst streymir út" (öldungur D. Todd Christofferson, aðalráðstefna, október 2016).

LJÓSMYND AF ÓLÍFUPRESSU, FRÁ GETTY IMAGES

Tóm gröf

Sjá Matteus 28:1–8; Jóhannes 20:1–18.

„Tóm gröfin þennan fyrsta páskamorgun veitti svarið við spurningu Jobs: ‚Þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?' [Job 14:14]. Til allra sem heyra rödd mína boða ég, að þegar maðurinn deyr, þá mun hann lifa á ný. Við vitum það, því að við höfum ljós opinberaðs sannleika" (Thomas S. Monson forseti, „Hann er upp risinn!" aðalráðstefna, apríl 2010).

„Hann er ekki hér, hann er upp risinn" (Lúkas 24:6).

HVER ER TILGANGUR YKKAR?

Við, sem ungt fullorðið fólk, eigum hvert og eitt okkar hlutverk í hinni yfirstandandi endurreisn. „Í hverju felst þátttaka ykkar?“

42

UNGLINGAR

VITNISBURÐUR YKKAR UM FYRSTU SÝNINA

52, 62

PÁSKAR

FJÓRAR MYNDIR

64

FYRIR BÖRN

LESIÐ SÖGU ENDUR-REISNARINNAR

B4

KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

ICELANDIC
4 021671919102

April 2020

Barnavinur

Jesús Kristur lifir og endurreisti KIRKJU sína

Barnasíður *Liahóna*, útgefið af Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Russell M. Nelson forseti

Aðstoða við ENDURREISNINA

Himneskur faðir og Jesús Kristur birtust Joseph Smith árið 1820. Himneskur faðir sagði: „Þetta er minn elskaði sonur. Hlýð þú á hann!“ Endurreisn fagnaðarerindisins hófst á þessum degi fyrir 200 árum. Hún er í fullum gangi á okkar tíma!

Dag einn mun Jesús Kristur koma aftur til jarðar. Hér eru fjórar leiðir til að aðstoða við endurreisnina og búa sig undir endurkomu Jesú.

- Eflið trú ykkar á Jesú Krist.
- Leitið heimilda um ættmenni ykkar og takið þátt í musterisverki fyrir þau.
- Búið ykkur undir að fara í musterið.
- Hjálpið fólki að læra um Jesú Krist og kirkjuna hans.

Allt þetta býr heiminn undir þann dásamlega dag er Jesús kemur aftur! ●

MYNDSKREYTING EFTIR KATIE MCDEE

Tekið úr „Hope of Israel,“ eftir Russell M. Nelson, (heimslæg trúarsamkoma æskufólks, 3. júní, 2018), HopeOfIsrael.ChurchofJesusChrist.org.

Nelson forseti sagði börnin geta hjálpað við endurreisnina. Hver er ein leið til að hjálpa?

Læra um endurreisnina

Trúboðar kenna þessari fjölskyldu hvernig fagnaðarerindi Jesú Krists var endurreist. Finnið þá hluti hér að neðan sem tákna hluta af endurreisninni.

MYNDSKREYTING EFTIR CARLES MARTÍ

Vísdómsorðið

sakramentið

trúboðsstarf

ritningar

gjöf heilags anda

musteri

ættarsaga

kirkjan

prestdæmið

Flettið síðunni til að læra meira um endurreisnina!

Kirkja Jesú Krists er endurreist!

Áður en við komum til jarðar, dvöldum við hjá himneskum foreldrum okkar. Þau elskuðu okkur! Himneskur faðir hafði dásamlega áætlun fyrir okkur. Við áttum að fara til jarðar, svo við gætum hlotið líkama og lært og vaxið. Við ættum síðan kost á að koma aftur til að dvelja í okkar himnesku heimkynnum. Við gátum þó ekki gert þetta einsömul. Við þurftum hjálp.

Himneskur faðir valdi elsta bróður okkar, Jesú Krist, til að fara til jarðar og hjálpa okkur. Jesús sýndi okkur hvernig elska á aðra og lifa eftir boðorðum himnesks föður. Hann valdi postula til að leiða kirkju sína.

Jesús þjáðist síðan fyrir okkur í Getsemanegarðinum. Hann upplifði allar okkar sorgir og sársauka. Hann dó fyrir okkur á krossinum. Við getum, af þessum sökum, komið til hans þegar við erum særð eða sorgmædd eða þörfnumst liðsinnis. Við getum iðrast þegar við gerum eitthvað rangt.

Á þriðja degi eftir að Jesús dó, var hann reistur upp. Jesús lifði á ný! Við verðum líka reist upp, af þessum sökum. Við getum dvalið aftur á himnum eftir að við deyjum.

MYNDSKREYTING EFTIR APRYL STOTT

Eftir upprisu sína, vitjaði Jesús lærisveina sinna í Jerúsalem og í Ameríku. Hann bauð postulum sínum að halda áfram að kenna fólki fagnaðarerindi sitt. Margir sem hlustuðu á postulana voru skírðir og gengu í kirkjuna.

Eftir að postularnir dóu, tók fólk að gleyma ýmsu mikilvægu í fagnaðarerindi Jesú. Það hætti að trúa að himneskur faðir innblési alltaf börn sín á jörðu. Það gleymdi að allir á jörðu fengju tækifæri til að láta skírast. Það hætti að trúa að spámenn og postular leiddu alltaf kirkjuna.

Mörg ár liðu. Að því kom svo að innleiða þurfti aftur það sem vantaði í fagnaðarerindi Jesú. Tíminn var kominn til að endurreisa kirkju hans! Himneskur faðir þurfti einhvern til að vera spámann og hjálpa við að innleiða hana aftur á jörðu. Hann valdi ungan dreng að nafni Joseph Smith.

Dag einn var Joseph að lesa Biblíuna. Í Jakobsbréfi 1:5 segir að himneskur faðir muni svara spurningum okkar, ef við biðjum í trú. Joseph hafði spurningu! Hann vissi að kirkjurnar væru margar sem kenndu um Jesú. Hann vildi þó komast að því hvort til væri kirkja eins og kirkja Jesú í Nýja testamentinu.

Á fallegum vordegi um páskaleytið, fór Joseph út í skóg nærri heimili sínu. Hann kraup og tók að biðjast fyrir. Joseph fann þá myrkur hvolfast yfir sig. Satan reyndi að draga úr honum kjark. Joseph hélt þó áfram að biðja af öllum mætti.

Þá kom niður fallegt ljós. Joseph sá himneskan föður og Jesú Krist. Þetta er kallað Fyrsta sýnin. Þeir sögðu kirkju Jesú Krists ekki vera á jörðu. Hún yrði þar þó brátt. Endurreisnin var að hefjast!

Himneskur faðir sendi engla til að endurreisa mikilvæga þætti fagnaðarerindis síns. Engillinn Moróní afhenti Joseph gulltöflur, svo við gætum haft Mormónsbók til að læra um Jesú Krist.

Jóhannes skírari kom með Aronsprestdæmið, svo við gætum skírst. Pétur, Jakob og Jóhannes komu með Melkísedeksprestdæmið, svo við gætum hlotið heilagan anda og blessanir þegar við erum veik.

Elía kom, svo við gætum verið innsigluð fjölskyldum okkar í musterinu.

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu var stofnuð. Það merkir að kirkja Jesú er aftur á jörðu! Allt þetta er hluti af endurreisninni.

Endurreisn fagnaðarerindisins er enn yfirstandandi. Spámenn, postular, trúboðar og meðlimir miðla hinum góðu tíðindum Jesú Krists hvarvetna um jörðu. Musteri eru byggð í mörgum löndum, svo innsigla megi fólk fjölskyldum sínum að eilífu. Kirkjan hjálpar fólki á stöðum þar sem hungursneyðir og hörmungar eru.



Allir geta lagt eitthvað á vogarskálarnar til að hjálpa við endurreisnina. Þið getið hjálpað með því að læra ættarsögu ykkar og vinna að musterisskírnum. Þið getið greitt tíund til að byggja kirkjur og musteri. Þið getið gefið föstufórnir til hjálpar nauðstöddum. Þið getið sagt fólki frá Jesú Kristi.



Jesús gaf okkur kirkju sína okkur til hjálpar við að komast aftur til okkar himnesku heimkynna. Við getum meðtekið sakramentið og haft alltaf hugfast það sem hann gerði fyrir okkur. Við getum elskað aðra, líkt og hann gerði. Við getum hjálpað öllum að læra um fagnaðarerindi hans. ●

Finndu það!

Vegna endurreisnarinnar geta allir í heiminum nú vitað um fagnaðarerindi Jesú Krists!
Hvað geturðu fundið mörg eintök af Mormónsbók? Hvað geturðu fundið marga þjóðfána?
Sérstök áskorun: Þekkirðu einhverja fána?

MYNDSKREYTING EFTIR KAREN LEWIS

Himnesk
heyrir bæn

Himneskur faðir heyrði b
Hann heyrir líka



kur faðir
nir mínar.

bœnir Josephs Smith.
mínar bœnir!



TEIKNING EFTIR APRYL STOTT



Kirkja fyrir Zulma

Ef til vill vildi Guð að Zulma vissi meira.

Lucy Stevenson
Kirkjutímaritin
(Byggt á sannri sögu)

„Leitið og þér munuð finna“ (3. Nefí 14:7).

Zulma sat á einum kirkjubekknum og slétti úr skyrtu skólabúnings síns. Litað ljós skein í gegnum steint gluggaglerið og kross stóð fremst í kapellunni. Zulma var í kirkjuskóla, svo hún fór tvisvar á dag með hinum nemendunum til guðsþjónustu. Zulma kunni vel við kirkjuna sína. Hún elskaði Jesú og að læra um hann.

Hún sat hljóð þegar presturinn hóf mál sitt. Í dag var eitthvað þó öðruvísi. Skyndilega vöknuðu þessi orð í huga hennar og hjarta: *Það er meiri sannleikur þarna úti.*

Zulma skældi agunbrúnirnar. Meiri sannleikur? Hvað þýðir það?

Hugsunin vaknaði aftur. *Það er meiri sannleikur.*

Zulma lokaði augunum og einbeitti sér að þessari upplifun sinni. Hún hafði lært margt gott í kirkju. Hún velti nú fyrir sér hvort eitthvað vantaði. Ef til vill vildi Guð að hún vissi meira. Hvernig átti hún að komast að því?

Hún ræddi síðar við Alberto, eldri bróður sinn, um þessar hugsanir.

„Heldurðu að það sé meiri sannleikur þarna úti?“ spurði Alberto.

Zulma kinkaði kolli. „Ég vil læra um fleiri kirkjur,“ sagði hún.

„Allt í lagi,“ sagði Alberto. „Ég skal fara með þér!“

Á nokkurra ára tímabili heimsóttu Zulma og Alberto hinar ýmsu kirkjur. Að lokinni einni guðsþjónustu, sagði Alberto: „Þessi kirkja kennir góða hluti.“

Zulma var sammála, en þeim fannst samt eins og eitthvað vantaði, svo þau héldu leit sinni áfram.



Hér er Zulma sem lítil stúlka. Hægra megin er mynd af henni í dag með eiginmanni sínum, öldungi Walter F. González, af hinum Sjötíu.

Dag einn kom Alberto hlaupandi upp tröppurnar að húsi þeirra. „Ég fann kirkjuna sem við leitum að!“ sagði Alberto. Hann faðmaði Zulma þétt að sér.

Zulma rak upp stór augu. „Hvar? Hvernig?“

„Einn vinur minn hitti trúboða frá Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu,“ sagði Alberto. „Ég hlustaði á þá og trúði því sem þeir kenndu!“

Zulma og Alberto voru svo glöð að þau dönsuðu um allt húsið. Zulma fékk þá slæmar fréttir. Mamma vildi ekki að hún hitti trúboðana. „Þú ert bara 12 ára,“ sagði mamma. „Þú ert of ung.“

Alberto er eldri og því var honum leyft að hitta trúboðana áfram. Nokkrum vikum síðar lét hann skírast.

Zulma hélt stöðugt áfram að biðja mömmu sína um að leyfa sér að læra hjá trúboðunum. Mamma hennar lét loks undan.

Þegar trúboðarnir kenndu Zulma fann hún hlýjar tilfinningar í hjarta sínu. Annar trúboðinn átti í erfiðleikum með að tala spænsku, en það skipti engu. Það sem skipti máli var hvernig Zulma leið. Þegar hún lærði um Joseph Smith og Mormónsbók, varð henni ljóst að hún hafði fundið sannleikann sem hún leitaði að!

Zulma vildi skírast. Hvað myndi mamma segja? Zulma var svo glöð þegar mamma sagði já! Á skírnardag Zulma, var hún klædd í hvítu. Hún vissi að Guð elskaði hana. Hún vissi að hann þekkti hana. Hún vissi líka að hann hafði hjálpað henni að finna hina endurreistu kirkju! ●

MYNDSKREYTING EFTIR SCOTT WAKEFIELD



Fyrsta sýnin

Með lotningu ♩ = 68

Lag to texti: Nathan Howe

D G D G

D A G A

1. Jós - ef spyrj - a vild - i um veg og guð - legt ráð, svo
2. Hugð - ist leit - a næð - is, hann hélt í trjá - lund þar, og
3. Eft - ir þess - a vitr - un, ei visk - a him - ins þver, og

F C B♭ A

trúr hann tók að lær - a og vaxa' að visku' og náð. Ein
bað af öll - u hjart - a að hljót - a bæn - ar - svar, og
all - ir get - a hlýtt á hið end - ur - reist - a kver. Sjá,

D Em E A

ritn - ing hjart - að hreif, svo bæn hann vild - i tjá, og
Fað - ir og hans Son þá stig - u himn - i frá, svo
him - ins - leið er greið og Herr - ann tal - ar nú. Hann

© 2020 by Nathan Howe. All rights reserved.
Þennan söng má afrita til nota í kirkju eða heima en ekki í hagnaðarskyni.
Þessi athugasemd skal fylgja hverju afriti.

MYNDSKREYTING EFTIR SARAH KEELE

G Em F♯m Bm Em7 A7 D

Jós - ef vissi‘ að hann gat beð - ið Guð um veg - inn að sjá.
svar - a Jós - ef mætt - i og loks kom - a skip - an Guðs á. Hann bað í
kall - ar spá - mann til að vís - a veg og leið - a í trú.

D Em F♯m Em Bm

trú, svo him - inn heyrð - i, og Að - ir og hans Son þekktu‘ hans

A D G A D G

nafn. Ég krýp í bæn. Ég veit Guð ann mér, og

Em A D G D

heyr - ir mín - a bæn.

Halló frá Lundinum helga!

1

Þegar Joseph Smith var 14 ára bjó hann í bjálkahúsi í New York í Bandaríkjunum. Hann átti fimm bræður og þrjár systur. Hann var hlýðinn foreldrum sínum og vinsamlegur við aðra. Hann las Biblíuna með fjölskyldu sinni, en þau fóru ekki öll í sömu kirkju.

2

Joseph var duglegur við vinnu. Hann hjálpaði við að höggva niður tré, svo fjölskylda hans gæti sáð í akra. Hann hjálpaði fjölskyldu sinni líka að safna kvoðu úr hlyntrjám til sykurgerðar.

Í þessum mánuði fögnum við endurreisninni með því að vitja staðarins þar sem Fyrsta sýnin átti sér stað fyrir 200 árum!

3

Joseph vildi finna kirkju eins og þá sem var í Biblíunni. Dag einn fór hann í trjálund nokkurn til að biðjast fyrir. Himneskur faðir og Jesús birtust honum. Þeir sögðu honum að syndir hans væru fyrirgefnar. Þeir sögðu líka að hann skildi enga kirkju ganga í. Kirkja Jesú yrði brátt endurreist!

4

Margir gerðu gys að Joseph vegna sýnar hans. Þeir sögðu hann hafa skáldað þetta allt saman. Joseph hélt þó áfram að segja sannleikann. Hann sagði: „Ég vissi það, og ég vissi að Guð vissi það, og ég gat [ekki] neitað því" (Joseph Smith – Saga 1:25).

5

Í dag getur fólk vitjað staðarins þar sem Joseph baðst fyrir á. Hann er fallegur og mjög friðsæll.

Þessi börn búa þar sem Joseph Smith ólst upp!

Ég veit að Lundurinn helgi er sérstakur staður, því Joseph Smith baðst þar fyrir og sá himneskan föður og Jesú.

Piper D., 5 ára, New York, Bandaríkjunum

Ég er þakklátur fyrir að búa nálægt heimili Josephs Smith. Ég nýt þess að fara í Grandin-bygginguna þar sem prentvélin er. Mig langar að sjá hvar Mormónsbók var fyrst prentuð.

Roscoe B., 9 ára, New York, Bandaríkjunum

Takk fyrir að vitja Lundsins helga með okkur. Sjáumst næst!

LJÓSMYNDIR AF DRENGJUM EFTIR JULIE POULSON; TEIKNING EFTIR KATIE MCDEE

Eilífðarfjölskylda Alonso

Marissa Widdison
Kirkjutímaritin
(Byggt á sannri sögu)

*„Í musterinu máttur Guðs, oss mjúkum böndum vefur“ (*Barnasöngbókin, *99).*

„Á páskum er góður tími til að hugsa um Jesú og minnast upprisu hans,“ sagði systir Rojas. Hún hélt mynd af Jesú á lofti. „Vegna hans geta þeir sem hafa dáið lifað á ný.“

Alonso leit upp þegar Barnafélagskennarinn hans sagði þetta. *Þýðir það að ég get fengið að hitta foreldra mína aftur?* velti Alonso fyrir sér.

Mamma hafði dáið fyrir mörgum árum. Alonso mundi ekki vel eftir henni, en hann naut þess að skoða myndir af henni. Svo dó pabbi líka.

Nú bjó Alonso hjá ömmu sinni. Hún hafði verið að kenna honum um kirkjuna sína, Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Hann átti að skírast og staðfestast á næsta ári, þegar hann yrði nægilega gamall.

Því næst hélt systir Rojas uppi mynd af hvítri byggingu. „Önnur dásamleg gjöf frá Jesú, eru musterin. Þetta er eitt af musterunum hér í Chile.

Alonso horfði á gullstyttuna efst á byggingunni. Hún var falleg! Hann velti því fyrir sér hvað færi þar fram innandyra.

„Í musterunum eru fjölskyldur innsiglaðar til eilífðar,“ sagði systir Rojas. „Þetta er musterið í Santíagó þar sem ég var innsigluð foreldrum mínum eftir að við gengum í kirkjuna. Af því að við vorum innsigluð, get ég verið með þeim eftir að þessu lífi lýkur.“

Alonso varð spenntur þegar hann heyrði þetta. „Gæti ég innsiglast foreldrum mínum?“ spurði hann. „Jafnvel þó að þau hafi þegar dáið?“

Systir Rojas kinkaði kolli. „Já! Það er ein af ástæðum þess að musterin eru svo mikilvæg. Þau blessa alla fjölskyldumeðlimi okkar, einnig þá sem hafa látist.“

Það sem eftir varði dagsins, hélt Alonso áfram að hugsa um musterin. Hann bað ömmu sína að kenna sér meira. Hún talaði um hvítu fötin sem fólkið klæðist þar inni og fallegu vegglistina.

„Það besta er, að þar getur þú innsiglast foreldrum þínum,“ sagði amma. „Við getum beðið tvo aðila úr kirkjudeildinni að vera staðgengla fyrir þau á meðan á innsigluninni stendur.“

„Getum við farið á morgun?“ spurði Alonso. „Mig langar að vera með mömmu og pabba að eilífu!“

Amma brosti. „Það gleður mig að þú viljir fara þangað,“ sagði hún. „Það musteri sem er næst okkur er í Concepcion. Við eigum ekki næga peninga fyrir rútufargjaldinu.“

„Ég skal safna fyrir ferðinni!“ sagði Alonso.

Eftir það borgaði Alonso tíund af öllum þeim smápeningum sem hann fann á götunni, eða átti möguleika á að vinna sér inn, og setti svo afganginn í musterissjóðinn þeirra.

Eftir að hafa safnað í marga mánuði, höfðu Alonso og amma loks næga peninga til að ferðast til musterisins. Þau báðu bróður og systur Silva að koma með sér. Er dagur ferðalagsins rann upp, fóru þau í langa rútuferð til borgarinnar Concepcion. Það var næstum komið sólsetur þegar Alonso tók eftir einhverju gylltu í fjarska.

„Ég get séð engilinn Moróni!“ sagði Alonso og benti á styttuna efst á bláu hvolfþaki musterisins.

Þau dvöldu í íbúð við hliðina á musterinu um nóttina. Morgunin eftir fór Alonso inn í musterið í fyrsta sinn. Þar inni sá hann stóra mynd af Jesú. Hann og amma klæddust hvítu. Hann fann friðsæld og var hamingjusamur.

Þegar kom að innsigluninni gekk Alonso inn í fallegt herbergi með speglum á veggjunum. Musterisþjónn sýndi Alonso, ömmu og Silva-hjónunum hvernig þau ættu að krjúpa í kringum sérstakt borð sem kallaðist altari. Það var yfirdekkt með mjúku áklæði.

Bróðir og systir Silva voru þar í stað mömmu og pabba Alonso. Amma var þar fyrir systur hans, sem dó áður en Alonso fæddist.

Er hann lokaði augunum, ímyndaði Alonso sér alla fjölskylduna saman komna.

Ég get ekki beðið þess að hitta þau aftur, hugsaði Alonso. *Ég er svo þakklátur fyrir að fjölskyldur geta verið saman að eilífu!* ●

MYNDSKREYTING EFTIR MARK JARMAN

Systir Joy D. Jones
aðalforseti
Barnafélagsins

Musterið og ÞIÐ

MYNDSKREYTING EFTIR JARED MATTHEWS

Áður en kirkjan var endurreist, trúði fólk að ef einhver dæi í fjölskyldu þess, án skírnar, þá myndi það aldrei sjá hann eða hana aftur. Við getum, vegna endurreisnarinnar, verið skírð í musterinu í þeirra þágu. Við getum verið innsigluð saman um eilífð!

Þið, líkt og Joseph Smith, hafið líka verið útvalin af himneskum föður til að vinna mikilvægt starf í lífi ykkar. Hluta af því starfi er hægt að vinna í musterum. Þið getið tekið saman nöfn þeirra ættmenna ykkar sem ekki voru skírð meðan þau lifðu á jörðu. Þið getið síðan, eftir að hafa fengið musterismeðmæli, farið í musterið og skírst í þeirra þágu.

Biðjið til himnesks föður eftir leiðsögn þegar þið vinnið þetta verk. Ættmenni ykkar geta líka hjálpað ykkur. Hve mikilvæg og helg blessun þetta verður ykkur og þeim!

Sum ykkar getið ekki gert musterisverk nú, en einhvern daginn getið þið það. Hafið ávallt hugfast að þið eruð barn Guðs. Hann elskar ykkur fullkomlega.

Hlustið á innblástur heilags anda og búið ykkur undir að fara í musterið einhvern daginn. Þetta mun hjálpa ykkur að stuðla að dásamlegu lífi fyrir ykkur sjálf, látin ættmenni ykkar, fjölskyldu ykkar nú og þá sem þið eignist í framtíðinni. Drottinn mun hjálpa ykkur við að vinna verk hans. Þið eruð ein af hans hugrökku öndum. ●

Þú ert ástkært barn Guðs, sem hann þekkir og elskar. Guð þekkti Joseph Smith. Það sama á við um þig. Hann þekkir þig.

Öldungur Dale G. Renlund, í Tólfpostulasveitinni

Tekið úr „The Blessing of the Restoration for You," *Liahona,* febr. 2020, 52.

TEIKNING EFTIR APRYL STOTT

KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

Kæru foreldrar,

árla vors, árið 1820, baðst Joseph Smith fyrir og sá himneskan föður og Jesú Krist. Efni þessa tímarits fjallar um þennan sérstaka atburð. Hér eru nokkrar blaðsíður til að huga að:

- Myndasaga sem segir frá því hvernig endurreisn kirkjunnar er hluti af áætlun Guðs (B4–10).
- Nelson forseti segir frá því hvernig við getum aðstoðað við endurreisnina (B2).
- Nýr söngur sem kennir okkur um Fyrstu sýnina (B6–17).
- Saga sem segir frá því hvernig endurreisnin getur blessað fjölskyldur okkar (B20–21).

Er ekki yndislegt að við getum tilheyrt Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu? Miðlum heiminum hinum góðu fréttum um Jesú og kirkju hans.

Gleðilega páska,
Barnavinur

HVERNIG SENDA Á LISTAVERK EÐA UPPLIFUN BARNA YKKAR TIL *LÍAHÓNA*

Farið á liahona.ChurchofJesusChrist.org og smellið á „Submit an Article or Feedback." Sendið okkur netpóst á liahona@ChurchofJesusChrist.org, ásamt nafni barnsins, aldri, borginni sem þið búið í og þessari yfirlýsingu um leyfi: „Ég [bætið við nafni ykkar], veiti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu leyfi til að nota sent efni barnsins míns í tímaritum kirkjunnar, á vefsíðum kirkjunnar, samfélagsmiðlum og mögulega í öðrum gögnum kirkjunnar." Við viljum endilega heyra frá ykkur!

Finnið Líahóna falda í blaðinu!

EFNISYFIRLIT

B2 Frá Æðsta forsætisráðinu: Aðstoða við endurreisnina
B4 Kirkja Jesú Krists er endurreist!
B11 Skemmtiefni: Finnið það!
B12 Litasíða
B14 Kirkja fyrir Zulma
B16 Tónlist: Fyrsta sýnin
B18 Halló frá Lundinum helga
B20 Eilífðarfjölskylda Alonso
B22 Musterið og þið
B23 Góð hugmynd

© 2020 INTELLECTUAL RESERVE, INC. ALLUR RÉTTUR ÁSKILINN

ICELANDIC
4 021671191902